

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

10.05.2023

Efni: **Vindorkugarður á Grímsstöðum 2 í Meðallandi\_svör við umsögnum**

Qair Iceland hefur mótttekið umsagnir við matsáætlun fyrir vindorkugarð á Grímsstöðum 2 í Meðallandi með heildarafl í kringum 150 MW. Umsagnir bárust frá eftirfarandi aðilum:

1. Landsnet – 16. febrúar 2023
2. Veðurstofa Íslands – 24. febrúar 2023
3. Umhverfisstofnun – 2. mars.2023
4. Landvernd – 9. mars 2023
5. Eldvötn – 9. mars 2023
6. Fuglavernd – 9. mars 2023
7. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands – 9. mars 2023
8. Náttúrufræðistofnun Íslands – 12. mars 2023
9. Minjastofnun Íslands – 14. mars 2023
10. Skaftárhreppur – 17. mars 2023
11. Orkustofnun – 21. mars 2023
12. Vegagerðin - 28. mars 2023
13. Samgöngustofa - 28. mars 2023

Hér á eftir verða sett fram viðbrögð við athugasemdum og ábendingum sem komu fram í umsögnum.



| Athugasemdir/ábendingar      |   | Viðbrögð   |
|------------------------------|---|--|
| <b>1. Landsnet</b>           |   |  |
| 1.1                          | Landsnet vísar til fyrri umsagnar fyrirtækisins um matsáætlun fyrir fyrri áfanga vindorkugarðs að Grímsstöðum, dags. 17. maí 2021. Þar er ítrekað mikilvægi þess að samráð verði haft við Landsnet um tengimöguleika og að fjallað verði um það í umhverfismatsskýrslu. Eins og áður hefur komið fram leggur Landsnet á það áherslu að greining á mögulegum tengingum við flutningskerfið, og útfærslum þar á, fari fram í samráði við Landsnet, eins og lýst er í skilmálum fyrirtækisins um tæknilegar kröfur til vinnslueiningar, sbr. 7. kafla netmála Landsnets D1.1. Brynt er að huga sérstaklega að því að tengimöguleikar falli að framtíðarhugmyndum Landsnets um uppbyggingu flutningskerfisins á svæðinu. Enn fremur þarf að kanna sérstaklega hvort mögulegar jarðstrengslagnir frá vindorkuverinu að tengipunkti við flutningskerfið hafi áhrif á afhendingargæði raforku. | <i>Qair mun ráðfæra sig við Landsnet um tengingu við flutningskerfið. Niðurstöður samráðs við Landsnet verða teknar fyrir í umhverfismatsskýrslu.</i>  |
| 1.2                          | Landsnet mun óska eftir niðurstöðum kerfisgreininga framkvæmdaraðila á áhrifum fyrirhugaðs vindorkuvers á rekstur flutningskerfisins og ef þurfa þykir óska eftir frekari gögnum og greiningum frá framkvæmdaraðila.  | <i>Ekki þörf á viðbrögðum.</i>   |
| <b>2. Veðurstofa Íslands</b> |   |  |
| 2.1                          | Veðurstofar Íslands gerir ekki athugasemd við matsáætlunina.  | <i>Ekki þörf á viðbrögðum.</i>   |
| <b>3. Umhverfisstofnun</b>   |   |  |
| 3.1                          | Umhverfisstofnun telur að gera þurfi ítarlega grein fyrir efnistöku. Hvar mögulegt sé að taka efni til vegagerðar, íblöndunarefni í steypu og fyllingarefni. Bent er á heimasíðuna namur.is þar sem unnt er að nálgast upplýsingar um efnistöku og frágang.   | <i>Eins og fram kemur í kafla 3.2.3, verður í umhverfismatsskýrslu greint frá því hvaðan efni til framkvæmdarinnar verður tekið.</i>   |
| 3.2                          | Gera á grein fyrir hvort nauðsynlegt verði að ráðast í byggingu vatnsaflsvirkjana á nýjum svæðum á Suðurlandi til að tryggja jafnvægi í flutningskerfi vegna óstöðugar orkuframleiðslu vindorkugarðsins.  | <i>Framkvæmdaraðili gerir ekki ráð fyrir uppbyggingu á nýjum vatnsaflsvirkjunum á Suðurlandi í áætlunum sínum vegna vindorkugarðsins á Grímsstöðum. Framkvæmdaraðili bendir jafnframt á upplýsingar frá Landsneti sem kunngerðar voru þann 24. mars 2023<sup>1</sup> en þar segir „hægt er að taka á móti 2500 MW í sveigjanlegri framleiðslu eins og vindorku.“</i> |

<sup>1</sup> <https://www.landsnet.is/utgafa-og-samskipti/frettir/frett/?documentid=dc80f6ea-c5da-4589-3346-08db2c2f1cfc>

| Athugasemdir/ábendingar |  | Viðbrögð   |
|-------------------------|--|--|
| 3.3                     | Einnig ætti að fjalla um hvort flutningur á orku frá vindorkugarðinum kalli á nýja innviði s.s. háspennulínu að Prestbakka, endurnýjun tengivirkis og hvort ráðast verði í uppbyggingu núverandi dreifikerfis með nýjum háspennulínum til og frá tengivirki við Prestbakka?  | <i>Eins og fram kemur í kafla 3.2.4 verður fjallað um tengingu vindorkugarðsins við flutningsnetið í umhverfismatsskýrslu og þá hvaða mannvirki þarf í þeim tilgangi. Samráð verður haft við Landsnet varðandi tenginu vindorkugarðsins við flutningskerfið.</i>   |
| <b>4. Landvernd</b>     |  |  |
| 4.1                     | Stjórn Landverndar hefur kynnt sér fyrirleggjandi matsáætlun. Það er grundvallarstjórarmið Landvernd að mat á umhverfisáhrifum stórra vindorkuvera sem ekki hafi verið teknar til mats innan rammaáætlunar sé afar óskynsamleg og sóun á fé og tíma þeirra sem í hlut eiga. Vindorkuver eiga skv. lögum og nýlegri þingsályktun heima í rammaáætlun og stjórnvöld eru að vinna að enn frekari stefnumörkun í þessum málaflokki.  | <i>Það eru nú þegar nokkur vindorkuverkefni í ferli mats á umhverfisáhrifum þar sem Skipulagsstofnun hefur veitt samþykki sitt á matsáætlun. Þessu verkefni er hrundið af stað á þessum forsendum. Það má jafnframt benda á að rammaáætlun hefur óskað eftir rannsóknaraðferðum og niðurstöðum þeirra. Munu þær upplýsingar vafalaust koma til með að hjálpa verkefnisstjórn og faghópum rammaáætlunar að meta verkefnið af kostgæfni.</i>   |
| 4.2                     | Stjórninn telur að nafngiftin „vindorkugarður“ sé misnotkun á tungumálinu. Samkvæmt viðurkenndum orðabókum er garður ræktað svæði með runnum, blómum og trjám eða þykkur veggur hlaðinn úr steini. Stjórn Landverndar harmar þessa misnotkuná tungumálinu sem er til þess fallin að blekkja.   | <i>Síðari ár hafa ýmis orð verið notuð yfir þyrpingar af vindmyllum, s.s. vindlundur, vindbú, vindorkuver, vindmyllugarður og vindorkugarður. Orðið vindorkugarður er í raun þýðing af enska orðinu „wind park“ og er það orð notað víða.</i>  |
| 4.3                     | Í inngangi matsáætlunar er vitnað til um margvíslega sérfræðipækkingu þátttakenda og reynslu þeirra í tengslum við umhverfismál og uppbyggingu vindorkumannvirkja með tilvitnun í verkfræðistofuna Mannvit og Biotope. Hér er ekki ætlun að gera lítið úr þekkingu viðkomandi fyrirtækja. Engu að síður skal hér vakin athygli á að sérstaða íslenskrar náttúru er mikil og því varhugavert að byggja á mat á þekkingu alþjóðlegra fyrirtækja, reynslu og aðfræði. Að sama skapi er full ástæða að vekja máls á því almennum orðum að verkfræðistofur og aðrir þeir sem koma að skýrslugerð sem þessari matsáætlun eru háðir hagsmunum þeirra fyrirtækja sem greiða fyrir samantekt sem þessa. Á þeim forsendum er því vinsamlega komið á framfæri við Skipulagsstofnun að taka matsáætlunum sem og annarri áætlanagerð með fyrirvara í ljósi mjög ríkra fjárhagslegra hagsmunatengsla. Víða má sjá merki um að fjárhaglegir hagsmunir séu farnir að hafa verulega neikvæð áhrif á einstaklinga með sérfræðimenntun sem vinna fyrir verkfræðistofur við skýrslugerð hverskonar í tengslum við umhverfismál, þar sem sjálfbærni og hringrásarhugsun drukkna í þágu sérhagsmuna á kostnað faglegrar þekkingar. | <i>Í vinnu við umhverfismat framkvæmda hefur Landvernd lengi verið gott mótvægi við þá sem huga á framkvæmdir. Athugasemdir Landverndar eru eins og hér, oft viðamiklar, og ýmislegt þar sett fram sem kallar á nánari skoðun og vangaveltur. Því kemur það á óvart að Landvernd skuli ýja að því að þau gögn sem sett eru fram séu ófagleg og hlutdræg. Landvernd veit vel að ferli mats á umhverfisáhrifum er á forræði Skipulagsstofnunar, sem fær opinbera aðila til að yfirfara þau gögn sem sett eru fram. Framkvæmdaraðili fagnar því að ekki sé ætlunin að gera lítið úr þekkingu sérfræðinga sem að verkefninu koma, en á sama tíma harmar að vegið sé að heiðarleika og faglegheitum þeirra.</i> |

| Athugasemdir/ábendingar | Viðbrögð   |
|-------------------------|--|
| <p>4.4</p>              | <p>Pá er vísað í inngangi til reynslu Biotope í sérstökum punktum sem eiga að skapa viðkomandi einhversskonar trúverðugleika – hverju er lesandi nær um að hægt sé að vísa til 800 heimilda og 800 tilvísana frá 1998? Þá vekur reyndar athygli í næsta punkti á eftir að reynsla Biotope nær ekki nema til 40 viðskiptavina sem verður að jöfnu að flokkast til byrjenda í faginu. Aðrar upplýsingar um Biotope eins og að þeir hafi náð góðum tókum á eigin aðferðarfræði á 10 árum hljómar alls ekki trúverðugt og alveg ljóst að umhverfi og náttúra og síðast en ekki síst fuglalíf á Íslandi á annað og betra skilið en að vera tilraunamódel í þessu skyni. Við fyrri mælingar QAIR sbr. sjálfstæðar fuglarannsóknir hafa einmitt verið tilburðir hjá fyrirtækinu að spara sér rannsóknarkostnað með því að notast við aðferðir sem eru ekki viðurkenndar hér á landi m.a. af hálfu Náttúrufræðistofnunnar Íslands.</p>   |
| <p>4.5</p>              | <p><b>1.2 Staðhættir og tengingar</b></p> <p>Svæðið er talið sérstaklega hentugt þar sem það er við sjávarsíðuna og á bersvæði og því vindasamt. Sömu röksemdum er reyndar beitt af hálfu fyrirtækisins á öðrum svæðum, upp heiða og fjalla, fjarri berangri og sjó. Í þessum kafla er lagt uppi með lögn frá vindorkuverinu að tengivirkinu að Prestbakka sem er í mikilli fjarlægð eða um 30 km lagnaleið. Ljóst er að leggja þarf sérstakt mat á þá röskun sem yrði vegna lagnaleiða. Um þetta er að öðru leyti að segja að í fyrsta lagi stenst þessi staðsetning enga skoðun út frá viðmiðum um röskuð svæði sem um getur í núverandi stjórnáttmála en þar stendur um staðsetningar vindorkuvera að þær skulu vera á þegar röskuðum svæðum sbr. tengivirki og háspennulínur. Að öðru leyti liggja ekki fyrir viðmið í þessum efnunum hjá löggjafanum þannig að furðu má lýsa yfir að þessi áform eins og önnur skuli sett á dagskrá meðan ekki liggur ljóst fyrir hvernig umgjörð verður háttað um þessa óstöðugu og óáreiðanlegu orkuframleiðslu hér á landi. Eins og fram hefur komið heyrta vindorkuver að mati Landverndar skilyrðislaust undir rammaáætlun. Hafa ber í huga að þar</p> |

*Í rannsóknum sínum notar Biotope alþjóðlegar leiðbeiningar og bestu starfsvenjur hvað varðar rannsóknir á líffræðilegri fjölbreytni í tengslum við þróun á vindorku í mati á umhverfisáhrifum. Jafnframt hefur verið tekið fullt tillit til athugasemda Náttúrufræðistofnunar Íslands með þeirri niðurstöðu að fuglarannsóknirnar eru mun umfangsmeiri en almennt tíðkast erlendis í framkvæmdum sem þessum. Það er því erfitt að skilja hvers vegna Landvernd er að gera lítið úr trúverðugleika Biotope. Sjá einnig svar við athugasemd 4.3 þar sem fram kemur að öll gögn, þar á meðal rannsóknargögn, séu yfirfarin af þar til bærum sérfræðingum, þar á meðal sérfræðingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands.*

*Á heimasíðu Biotope má sjá tilvísanir í verkefni fyrirtækisins á sviði endurnýjanlegrar orku: <https://www.biotope.fr/our-offers-your-areas-of-activities/areas-of-activity/energy/?lang=en>*

*Í dag hefur Biotope yfir 1800 tilvísanir á sviði endurnýjanlegra orkugjafa (1100 aðeins fyrir vindorku) fyrir meira en 300 opinbera- og einkaaðila. Biotope hefur meira en 25 ára reynslu af mati á umhverfisáhrifum á sviði vindorku og hefur þróað sína eigin tækni eins og sérstaka ratsjármæla til að fylgjast betur með fuglum fyrir slík verkefni.*

*Landsnet mun tengja saman vindorkugarðinn og flutningskerfið auk þess að sjá um rekstur varðandi tengingu við spennustöð. Sé mats á umhverfisáhrifum krafist, ber Landsnet ábyrgð á því. Qair mun ráðfæra sig við Landsnet um tengingu við flutningskerfið. Niðurstöður samráðs við Landsnet verða teknar fyrir í umhverfismatsskýrslu.*

*Framkvæmdaraðila þykir 30 km ekki vera mikil fjarlægð og meðal þess sem samræmist stjórnarsáttmálanum vel sem segir; „áhersla verður lögð á að vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verður að tryggja afhendingaröryggi og lágmarka umhverfisáhrif.“ Umrætt svæði er jafnframt sandauðn sem framkvæmdaraðili er bjartsýnn á að rannsóknir leiði í ljós að lágmarki umhverfisáhrif.*

*Hvað varðar rammaáætlun þá vísast í viðbrögð við efnisatriði 4.1 hér að framan. Qair hefur gert vindmælingar á svæðinu eins og fram kemur í kafla 3.2.1. LiDAR mælitækið gerir það kleift að mæla vindhraða og stefnu við mismunandi hæð og alveg upp í 200 m, sem er hæð spaða vindmyllunnar í hæstu stöðu sem er notast við í umhverfismatinu. Niðurstöður þeirra mælinga gefa ekki sérstakt tilefni til*

| Athugasemdir/ábendingar   | Viðbrögð   |
|---|--|
| <p>sem mjög vindasamt er á svæðinu og oft mikil veðurhæð þá er það mikil áskorun að stilla upp vindorkuveri á slíku svæði. Vindmyllur slitna minnst og nýtast best þar sem meðalvindur er stöðugur í 8 – 10 m á sek. Vindhraði fer eðli máls mjög langt umfram þá veðurhæð á áformuðu svæði og í verstu veðrum mun verða hvorutveggja sand- og seltu áfok auk ísingar á vetrum. Rannsóknir á erlendum vettvangi hafa staðfest að vindorkuver eru sérstaklega viðkvæm fyrir slíkum veður aðstæðum ekki síst þar sem spaðar vindorkuveranna slitna mun meira þar sem sandfok, selturok og hverskonar úrkoma er til staðar.</p>  | <p><i>áhyggna vegna sérstaks veðurfars enda verða vindmyllur valdar sérstaklega að tilliti teknu til þessa þáttar.</i></p>   |
| <p><b>4.6 1.3 Breyting á áformum</b></p> <p>Um er að ræða verulega umfangsmiklar breytingar frá upphaflegum áformum sem kynnt höfðu verið m.a. á íbúafundi í Skaftárhreppi. Verður ekki annað sagt en undarlega að orði sé komist undir þessum lið að haft hafi verið sérstakt „samráð“ við Skipulagsstofnun um þessi mjög svo umdeildu áform. Vænta má að hér sé miklu fremur um kröfu sé að ræða. Vandséð er a.m.k. á hvaða grunni Skipulagsstofnun hafi mælt með breytingum á áformum og hvað þá að mæla með þeirri leið að stækka svæðið í samráði við framkvæmdaðila til mikilla muna. Hér er því kallað eftir viðhorfi Skipulagsstofnunar sérstaklega til þessa orðalags um samráð. Landvernd furðar sig einnig á framsetningu skýrsluhöfunda matsáætlunar að með því að fara þessa leið með stórkostlegum breytingum á áformum og tilfærslu svæðis sé hægt að „kynna breytingar fyrir almenningi, hagsmunaaðilum og opinberum aðilum strax á undirbúningsstigi framkvæmda. Þá munu rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar eða eru í gangi á svæði 1 nýtast við mat á umhverfisáhrifum á svæði 2“.</p> <p>Hér verður ekki annað lesið en að það sé verið að ganga svo langt í vissu sinni fyrir leyfisveitingu og skipulagsbreytingum að það sé eins og formatriði eitt að vinna að undirbúningi sjálfra framkvæmdanna og það meira að segja áður en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir – hvað þá skipulagsbreytingar og eða framkvæmdaleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi. Það er fráleitt nálgun að ætla í réttlætningarskyni að nýta mat á einu svæði þótt í nágrenni sé til að úrskurða um áhrif á öðru svæði. Umhverfismat verður ætíð að vera háð þeirri</p> | <p><i>Ástæður fyrir breyttum áformum eru tilgreindar í kafla 1.3. Breytingarnar á áformunum snúa að því að lágmarka umhverfisáhrif vindorkugarðsins.</i></p> <p><i>Helstu kostir þess að meta umhverfisáhrif vindmylla á stækkuðu svæði í sjálfstæðu ferli, er tvíþættur:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li><i>• Unnt er að kynna breytt áform fyrir almenningi og hagsmunaaðilum á matsáætlunarstigi og koma þannig í veg fyrir að breytingin komi flatt upp á fólk ef hún yrði fyrst kynnt í umhverfismatsskýrslu fyrir svæði 1. Slíkur fundur var einmitt haldinn á Hótel Klaustri 2. mars sl.</i></li> <li><i>• Ef ráðast þarf í frekari rannsóknir fyrir svæði 2 umfram þær rannsóknir sem þegar hafa verið unnar fyrir svæði 1, þá teyja þær ekki framgang umhverfismats fyrir svæði 1.</i></li> </ul> <p><i>Breytt áform og það að skipta matinu fyrir svæði 1 og 2 upp í tvo hluta var rætt við Skipulagsstofnun, sem sá ekkert því til fyrirstöðu að vinna að matinu í tvennu lagi. Hér var því ekki um kröfu af hálfu Skipulagsstofnunar að ræða.</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð   |
|--|--|
|  |  |
| <p>afmörkun áhrifasvæðis framkvæmda sem um ræðir og sem verkefnið beinist að.</p> <p><b>1.4 Framkvæmdir og leyfi</b><br/> Framkvæmdaaðili vitnar til laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Hér skal vísað til þess að lög um mat umhverfisáhrifum frá árinu 2000 eru fallin úr gildi sbr. tilvísun. „Lög þessi öðlast gildi 1. september 2021. Jafnframt falla úr gildi lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006.“<br/> Stjórn Landverndar spyr því Skipulagsstofnun hvort ekki þurfi að uppfæra matsáætlun þessa í heild sinni eða eftir atvikum við lið 1.4. með hliðsjón af lögum við mat á umhverfisáhrifum frá 2021.</p>  | <p><i>Hér er um mistök að ræða að vísa í eldri lög um mat á umhverfisáhrifum. Nýju löggin breyta því ekki, að tilvísunin í tölulið 3.02 í 1. viðauka á einnig við um nýju löggin.</i></p>  |
| <p><b>1.6 Lagaumhverfi og verkefnastaðlar</b><br/> Í þessum kafla er farið handahófskennt yfir hvernig fyrirtækið hyggst haga sér við mat á umhverfisáhrifum og leiðbeininga. Ljóst er eins og áður hefur komið fram í umsögnum að með öllu er fráleitt að Skipulagsstofnun og eða æðra stjórnvald stöðvi ekki vinnslu matsáætlana og annarra áætlana vegna vindorku á þessu stigi máls þegar það liggur fyrir Alþingi að setja lög og reglugerðir. Hér er því viðkomandi fyrirtæki að vísa handahófskennt til laga og reglna og svokallaðra „verkefnastaðla“ sem augljóslega munu heyrast fortíðinni til þegar Alþingi hefur lokið við að móta umgjörð laga og reglna um þennan iðnað hér á landi. Í niðurlagi inngangs segir þegar upptalning á erlendum viðmiðum hafa verið týnd til „<b>Önnur íslensk lög og reglugerðir sem eiga við um mat á umhverfisáhrifum verða einnig nýtt</b>“. Hér má spyrja, þarf viðkomandi fyrirtæki að áréttu það sérstaklega að það hyggist „<b>nýta sér</b>“ íslensk lög og reglugerðir sem eiga við um verkefnið svona eins og það sé eitthvað val hjá fyrirtækinu.<br/> Að öðru leyti skal hér áréttuð margvísleg álit og stefnur um staðsetningar vindorkuvera þar sem í öllu falli eru gerðar tillögur um að slík iðnaðarstarfsemi skuli vera staðsett vegna margvíslegra neikvæðra áhrifa á mjög afmörkuðum og fáum stöðum og þegar röskuðum svæðum. Slíkt á alls ekki við á því svæði sem þessi matsáætlun miðar að innan lands Grímsstaða í Skaftárhreppi sem myndi einmitt teljast óraskað svæði þar.</p> | <p><i>Alltaf má deila um hvernig hlutirnir eru orðaðir. Aðalatriðið í þessu samhengi, er það sem fram kemur í upphafi kafla 1.6, að „<b>umhverfismatsskýrslan verður unnin í samræmi við lög og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum ásamt leiðbeiningum um flokkun, viðmið, umfang, einkenni og vægi áhrifa</b>.“<br/> Hvað varðar staðsetningu fyrirhugaðs vindorkugarðs vísast í viðbrögð við efnisatriði 4.5 hér að framan.</i></p> |

| Athugasemdir/áþendingar  | Viðbrögð  |
|--|---|
| <p><b>1.6.2. Sérþækir staðlar fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni</b></p> <p>Þegar kemur að umfjöllun almennt um líffræðilega fjölbreytni og aðgerðir til að viðhalda og endurheimta hratt hnignandi lífríki hér á jörð er gríðarlega mikilvægt að hafa í huga að Ísland er ekki undanskilið í ábyrgum aðgerðum sem ákall er um eftir nýafstaðna ráðstefnu aðildarríkaráðstefnu samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytileika (COP 15) í Montreal. Vísasta leiðin fyrir QAIR ICELAND er að kynna sér niðurstöðu þeirrar mikilvægu ráðstefnu þar sem ekki síst er ákall um aðgerðir sem ganga þvert á þær framkvæmdir sem að QAIR hyggur á með niðurbroti á landi, stórkostlega röskun á votlendissvæðum og ógn við fuglalíf, allt aðgerðir byggðar á neysludrifnum forsendum sem ganga harkalega gegn landgæðum og lífríki. Hvað sem tilvitnunum fyrirtækisins er varðar alþjóðlega staðla og eða viðmið sem dregin eru upp úr hatti héðan og þaðan, þá er mikilvægt að fulltrúar þessa fyrirtækis eins og annarra stórfyrirtækja geri sér far um að lesa sér til gagns um þá ógnvænlegu stöðu sem nýverið hefur verið varpað ljósi á hvað varðar líffræðilega fjölbreytni. Stjórn Landverndar vill því beina þeirri spurningu til Skipulagsstofnunar hvort hún telji sér skylt að verða almennt leiðbeinandi í því að uppfæra og setja fram kröfur í samræmi við þá niðurstöðu og kröfur sem COP 15 í Montreal leiddi til.</p> <p>Orðalag um líffræðilega fjölbreytni í matsáætlun er þvælin og óhefðbundin, sbr. t.d. „stigveldi mótvægisáðgerða“ og bendir til skorts á innsýn um umfjöllunarefnið. Því miður þá stríðir uppbygging vindorku á Íslandi gegn þeim viðmiðum og niðurstöðu sem COP 15 í Montreal skilaði af sér í desember síðastl. Áframhaldandi landbrot, eyðing búsvæða og bein ógn við ránfugla o.s.frv. verður að stöðva. Ljóst er að skilningur á afleiðingum áframhaldandi niðurbrots á landi og mikilvægum búsvæðum dýra og pantna er ekki fyrir að finna í fyrirliggjandi matsáætlun. Stjórn Landverndar telur sérstaklega mikilvægt að Skipulagsstofnun skoði matsáætlun þessa út frá áhrifum á líffræðilega fjölbreytni með niðurstöðu síðasta fundar aðila að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.</p> <p>Ógn við búsvæði í þessu verkefni er mjög mikið, ekki einvörðungu innan svæðis Grímsstaða heldur með vegalagningu og gríðarlegum strenglögnum og tilheyrandi raski utan svæðis sem mun sömuleiðis hafa óafturkræf náttúruspjöll í för með sér. Því miður fyrir aðstandendur þessarar áforma þá</p> | <p><i>Fjallað verður um hugsanleg áhrif í umhverfismatskýrslu þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir. Þar til þá er ekki unnt að fjölyrða um möguleg áhrif enda er matsáætlun ekki sett fram í þeim tilgangi að setja fram niðurstöður.</i></p> |



| Athugasemdir/ábendingar   | Viðbrögð  |
|---|---|
| <p>gengur það á engan hátt upp að skreyta texta með fögrum fyrirheitum og með skírskotun í úrelt viðmið. Þeir sem vilja taka ábyrga afstöðu og vinna með líffræðilegri fjölbreytni og endurheimt náttúrulegra vistkerfa, þeir bera ekki á borð tillögur slíkar náttúruskemmandi framkvæmdir eins og hér eru sett á dagskrá. Stjórn Landverndar telur að áhrifin á líffræðilega fjölbreytni gætu orðið mjög neikvæð og spyr Skipulagsstofnun hvort ekki þurfi að gera mun ríkari kröfur til matsaðferða, svæða og valkosta m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni. Vert er að nefna að hluti af sama verkefni nær m.a. inn á þekkt IBA verndarsvæði.</p>  |   |
| <p><b>2. Skipulag og aðrar áætlanir</b></p> <p>Áformuð framkvæmd fellur hvergi að skipulagsáætlunum, hvorki Landskipulagsstefnu og eða aðalskipulagi sveitarfélagsins Skaftárhrepps. Hér verður enn og aftur að áréttu hversu fjarstæðukennt og ófaglegt það er að bæði framkvæmdaðilar og sveitarfélög eins og í þessu tilviki séu að leggja út í vinnu við stórtæka áætlanagerð þegar engin haldbær lagarammi liggur fyrir um orkumannvirki eins og hér er um að ræða. Hafa skal það einnig í huga að það hefur í raun aldrei verið tekin afstaða til þess eða sérstakar rannsóknir átt sér stað um hvort vindorkuver af þeim stærðarskala sem áform eru uppi um eigi yfir höfuð heima í íslensku landslagi og lífríki og eða hvort nútíma risavaxin vindorkuver standist íslenskt veðurfar sem sífellt fleiri sérfræðingar m.a. verkfræðingar hafa sett stórt spurningarmerki við.</p> <p>Enn og aftur á að hleypa af stað vinnu hér á landi við stórtæk áform þar sem ekki er séð fyrir afleiðingarnar vegna skorts á rannsóknum. Því er því vinsamlega beint til Skipulagsstofnunar og eftir atvikum æðra stjórnvalds að stöðva nú þegar frekari skipulags / áætlanagerð við mannvirki þar sem af brýnni nauðsyn er verið að skoða þörfina fyrir frekri lög og reglur. Aðeins tilraunaverkefni við Búrfell með tveimur vindorkuturnum hefur verið starfrækt um nokkurt skeið og þau mannvirki eru langt í frá samanburðarhæf við þau áform á risavindorkuverum sem uppi eru á Íslandi í dag. Hér er um grafalvarlega staðreynd og brotalöm að ræða á öllu verklagi hér á landi m.a. í ljósi þess að ekki hafa átt sér stað tilhlýðilegar rannsóknir í kringum reisingu vindorkuvera – meðal annars í ljósi veðurfarslegra þátta, náttúruvár og annarra sér íslenskra matsþátta sem ekki eru til staðar við kjöraðstæður vindorku sunnar á hnettinum. Það að ætla framkvæmdaðilum að leggja mat</p> | <p><i>Vinnan sem farin er í gang með umhverfismati og tilheyrandi rannsóknum, ásamt samráði við Skaftárhrepp í tengslum við skipulagsmál, er eðlilegt og viðurkennt verklag í stórum verkefnum sem smáum. Rannsóknir í tengslum við verkefnið eru mjög umfangsmiklar og því rangt að tala um ófyrirsjáanlegar afleiðingar vegna skorts á rannsóknum.</i></p> <p><i>Í ljósi ítrekaðra athugasemda um skort á lögum og reglum þá er vert að vitna beint í orð Landverndar í efnisatriði 4.5 „Eins og fram hefur komið heyrta vindorkuver að mati Landverndar skilyrðislaust undir rammaáætlun.“ Öll verkefni framkvæmdaraðila voru send inn til umfjöllunar rammaáætlunar og mun framkvæmdaraðili aðlaga sig að hverjum þeim lögum og reglum sem kunna að koma í framtíðinni.</i></p> <p><i>Varðandi veðurfar er vitnað í viðbrögð við efnisatriði 4.5.</i></p> |



| Athugasemdir/áþendingar  | Viðbrögð  |
|--|---|
| <p>á eigin verkefni og leggja fram áætlanir með sérfræðingum sem hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta er ekki til þess fallið að nálgast jafn stór mál með faglegum hætti og slíkt verklag eigi að leiða til faglegrar niðurstöðu við áætlanagerð hverskonar sbr.vinnu við matsáætlanir sem þessar. Reynslan hefur sýnt af öðrum stórum framkvæmdaverkefnum hér á landi að grundvallarforsenda þess að setja í loftið stefnu, áætlanagerð, íbúakynningar og margvíslegt samráð og jafnvel samninga milli hagsmunaðila án vandaðs undirbúnings er óaþbyrg nálgun ef ætlunin er að búa í haginn fyrir vandaða ákvarðanatöku.</p>  |   |
| <p><b>2.5 Verndarsvæði</b></p> <p>Hér vekur furðu hvernig skýrsluhöfundar reyna að draga úr og skrifa sig frá þeirri staðreynd að viðkomandi svæði er mikilvægt verndarsvæði fugla IBA <a href="http://datazone.birdlife.org/country/iceland">http://datazone.birdlife.org/country/iceland</a> þar sem um alþjóðlega vernd og ábyrgð okkar hér á landi er að ræða. Hlutdeild í vernd ákveðinna fuglastofna er mikil hér á landi ekki síst farfugla á borð við gæsastofna. Þá ber að halda því til haga að skúmurinn er þarna á nærsvæði er alfríðaður og sömuleiðis gulönd sem er að verða fágæt af tegund fiskiandar. Fram kemur í matsáætlun að nyrðri hluti vindorkuversins verði innan IBA svæðis – og einnig nær IBA svæðið inn á nyrðri hluta svæðis 2. Tekið er fram svona til smættunar í matsáætlun og í ljósi þess að fjárveitingar hafa ekki verið til staðar almennt vegna fuglaránnsóknna af hálfu Náttúrufræðistofnunar og héraðsra fuglafræðinga, að þrátt fyrir að um IBA svæði sé að ræða sé það ekki verndað á landsvísu svona rétt eins og það eigi að draga úr ábyrgð okkar á sameiginlegum fuglastofnum á alþjóðavísi. Líklega lýsir þetta viðhorf framkvæmdaáðila betur en um margt skilningi þeirra á líffræðilegri fjölbreytni, ábyrgð okkar á búsvæðum og dýralífi umfram annað og að við eigum í amk takmörkuðum mæli að vísa til aðlþjóðlegra skuldbindinga. Stjórn Landverndar minnir einnig á í þessu sambandi að skortur á rannsóknum er ekki gild ástæða til að fara í eyðileggingu á landsvæðum, heldur er skortur á rannsóknum einmitt ástæða til þess að stöðva framkvæmdir þar til upplýsinga hefur verið aflað. Þetta er meginstöð umhverfisréttar, varúðarreglan.</p> | <p><i>Í fyrsta lagi sker framkvæmdasvæðið ekkert verndarsvæði samkvæmt náttúruverndarskrá og gildandi íslenskum lögum. Því er engin lagaleg þvingun að þróa verkefni á slíkum stað.</i></p> <p><i>Í öðru lagi sker framkvæmdasvæðið á norðurjaðri þess, 95 hektara af mikilvægu fuglasvæði (IBA) Meðalland-Landbrot, sem þýðir innan við 0,4% af mikilvæga fuglasvæðinu.</i></p> <p><i>Til áminningar hafa alls 121 mikilvæg fuglasvæði (IBA) með alþjóðlegt mikilvægi verið auðkennd á Íslandi. Rúmlega 30 mikilvæg fuglasvæði eru staðsett í votlendi og í inndölum. Flest þessara svæða einkennast af mýrum, vötnum og lækjum sem hafa mikið líf Næstum öll landsvæðin eru mikilvæg sem varpsvæði. Ýmsar vatnafuglategundir stoppa einnig á þessum svæðum á vorin og haustin og sumir skipta um fjaðraham á þessum stöðum.</i></p> <p><i>Framkvæmdasvæði Grímsstaða 2 er á jaðri mikilvægs fuglasvæðis (IBA) (Landbrot–Meðalland), sem er hluti af „Wetlands and other inlands IBA“, samkvæmt BirdLife International, Fuglavernd og Náttúrustofnun Íslands. Landbrot–Meðalland er lækjar- og votlendissvæði (spring-fed brooks and wetland, búsvæði eru uppsprettur, stórar og smáar flóðmýrar af stórum og fífu (Carex, Eriophorum). Svæðið inniheldur einnig landbúnaðar- og beitarsvæði. Það hýsir alþjóðlega mikilvægan fjölda varpfuglsins álft (Cygnus cygnus (120 pör)) sem og í vetrarsetu (34) gulönd (Mergus mergans) samkvæmt grófu mati Náttúrufræðistofnunar Íslands og talningu um miðjan vetur.</i></p> <p><i>Framkvæmdarsvæðið inniheldur enga af þeim gróðurtegundum (og náttúrulegum búsvæðum) sem mikilvæga fuglasvæðið var tilnefnt fyrir, svæðið samanstendur af strandar búsvæðum (strandmelhólavist og sandstrandarvist). Þessi tvö búsvæði</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð  |
|--|---|
| <p>Það er engum vafa undirorpið að farflug margra fuglategunda liggur um þetta svæði meðal gæsategunda. Þá er svæðið hluti af og ásamt öðru svæði við hliðina á þessu þar sem um er að ræða gríðarlega hátt verndargildi vegna votlendis og búsvæða margra tegunda. Farflug einstakra fuglategunda er ekki hægt að reikna upp á punkt en meginlínurnar eru þekktar en þýðir ekki að fuglar geta borið aðeins af leið að landi eftir veðurfari í býsna stórum sveim úr frá meginlínunni. Nærsvæði allra þessara áforma á svæði 1 og 2 eru undir þegar kemur að farleiðum margra fuglategunda á þessu svæði. Í þessum efnum mótmælir Landvernd því harðlega að ganga eigi fram með slíkum risavöxnum orkumannvirkjum á alþjóðlega skilgreindu fuglasvæði.</p>  | <p><i>eru ekki vinsæl meðal tveggja marktægundanna á svæðinu, álf (Cygnus cygnus) og gulönd (Mergus merganser), sem lifa í votlendisbúsvæðum og vötnum.</i></p> <p><i>Beint áhrifasvæði framkvæmdarinnar liggur að mikilvæga fuglasvæðinu (IBA). Verkefnið verður að tryggja að það hafi ekki marktæk áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika sem ber ábyrgð á tilnefningu mikilvæga fuglasvæðisins, þar af leiðandi á votlendisfugla og þá sérstaklega álf (Cygnus cygnus) og gulönd (Mergus merganser). Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum, byggðar á greiningu á niðurstöðum fuglarannsóknna á vettvangi og ratsjármælinga mun fara yfir hvort framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á mikilvæga fuglasvæðið eða ekki.</i></p> |
| <p><b>3.1 Tilgangur og markmið</b></p> <p>Að venju telur orkufyrirtækið sig vera að bregðast við þörf án þess þó að útskýra hver orkuþörfin er og eða í hvað þessi tiltekna orka á að fara. Spyrja má því hver er að biðja um þá orku sem hér er sagt að sé til staðar? Hyggst fyrirtækið framleiða orku til ábyrgar umhverfisþenkjandi atvinnustarfsemi eða er markmiðið að virkja til orkufrekrar starfsemi. Að öðru leyti áhugavert að vitnað sé í skýrslu um afl- og orkujöfnuð 2019 – 2023 en svo vill til að einmitt vindorkuframléiðsla er þekktust aflagjafa til að skapa mikinn ójöfnuð og sveiflur á raforkukerfið sem mun fara illa með flutningskerfi raforku ef vindorkunni verði gefin laus taumur hér á landi. Sýnt hefur verið að orkuþörfin er ekki til staðar nema því aðeins hugsunin sé að halda áfram óheftri stefnu um neysludrifið hagkerfi sem allar ábyrgar þjóðir heims eru um þessar mundir að horfast í augu við að taka á. Þeir sem telja sig geta virkjað sig frá þeim vanda sem mannkyn stendur frammi fyrir að halda áfram að virkja og brjóta land eiga að vera betur upplýstari en svo að lausnin er ekki að halda áfram gengdarlausri orkusóun. Framleiðsla á rafmagni með vindorku er ekki endurnýjanlegri á Íslandi fremur en í öðrum löndum og því fráleitt þegar orkugeirinn heldur því fram að Ísland hafi einhverja sérstöðu í framleiðslu á endurnýjanlegri orku rétt eins og að vindurinn hér sé grænni en suður undir miðbaug. Öll umræða um aukna raforkuframléiðslu á Íslandi hefur einkennst af grænþvotti og upplýsingaóreiðu sem að orkugeirinn telur að vinni með sér umfram staðreyndar upplýsingar.</p> <p>Stjórn Landverndar telur því að í matsáætlun verði að rökstyðja með lífsferilsgreiningum loftslagsáhrif framkvæmdarinnar, þar með talið áhrif</p> | <p><i>Varðandi varnagla sem Landvernd telur vera á aukinni orkuþörf á Íslandi á næstu árum vill Oair leggja áherslu á að vindorkugarðurinn á Grímsstöðum verði aðeins byggður ef búið er að tryggja kaup á raforku.</i></p> <p><i>Varðandi jöfnunarafl er vísað til viðbragða við efnisatriði 3.2.</i></p>  |

| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð   |
|--|--|
| <p>vegna framræsinga votlendis sem og að sýna verði fram á að orkan sem framleidd verður í vindorkuverinu gagnist einmitt til orkuskipta.</p> <p>Þá telur Landvernd einnig nauðsynlegt að í matsáætlun komi fram hvernig jöfnunaraflí verði aflað og þá eftir atvikum að Skipulagsstofnun taki afstöðu til þess hvort ekki þurfi að meta aðgerðir til þess að jafna afl vindorkuversins inn í mat á umhverfisáhrifum þess.</p>   |  |
| <p><b>4.13</b></p> <p><b>3.2. Framkvæmdalýsing og 3.2.2 flutningar.</b></p> <p>Vindorkuverið verður mikið að umfangi og nokkuð ljóst að hver orkueining hefur stækkað í meðförum fyrirtækisins og nú er gert ráð fyrir að hvert orkumannvirki muni framleiða 7,2 MW sem þýðir að hæð þess verður umtalsvert meiri en gert var ráð fyrir í fyrstu áætlunum. Gera má því ráð fyrir að hæðin fari yfir 200 m sem mun hafa gríðarleg ásýndaráhrif, auk enn meiri neikvæðra áhrifa á fuglalíf. Stærri orkumannvirki en fyrr hafði verið áætlað kalla því eðli máls á meira rask og meiri náttúruspjöll og varanleg náttúruspjöll því eins og fram kemur í framkvæmdalýsingu er um varanlega aðgerð að ræða þar sem mótvægisáðgerðir eru ekki til staðar og ekki hægt að framkvæma. Þar sem vatnasvið eru rofin er búið að brjóta niður lífkeðjuna á þeim svæðum sem við á. Miðað við staðhætti og landslag þá munu framkvæmdir þarna hafa sérstaklega mikil og neikvæð umhverfisáhrif þar sem jarðvegsdýpt er mikil og votlendi einnig á hluta svæðis sem mun verða eyðilagt varanlega. Efnisflutningar verða að sama skapi gríðarlegir og þarf QAIR ICELAND að gera mun betur grein fyrir efnistöknámum og eðli þeirra náma sem taka á efni úr og vilyrði fyrir leyfisveitingum vegna þeirra náma. Þá skortir verulega á upplýsingar varðandi strenglögn að Prestbakka og það gríðarlega rask á landi sem því mun fylgja þeirri miklu vegalengd sem þar um ræðir. Allt kallar þetta að sjálfsögðu á heildstætt mat. Þá þarf að kalla eftir nákvæmari upplýsingum varðandi flutninga á aðföngum til og frá svæðinu og einnig hvernig fyrirtækið hyggst standa að niðurrifi og útskiptingu og endurnýtingu á öllum íhlutum. Sömuleiðis verður fyrirtækið að sýna fram á hvaða raunhæfu kostir séu til staðar að flytja íhluti eins og vindorkuspaða sem geta verið allt að 80 m + að lengd. Vegalagning innan framkvæmdasvæðis verður flókin þar sem jarðvegskipta niður á fast land svo þungaflutningar geti farið um svæðið. Mikilvægt er einnig að Skipulagsstofnun kalli eftir við Vegagerðina og hún leggi mat á hvort slíkir</p> | <p><i>Stöðug og ör tæknipróun hefur verið á vindorkunni undanfarin ár. Þannig hefur framleiðsla hvernar vindmyllu að gerðinni Vestas V162 eins og hefur verið notast við umhverfismatið frá byrjun í landi Grímsstaða, aukist úr 5,6 MW í 7,2 MW án þess að um sé að ræða hærri vindmyllur. Það er því rangt að hæð vinmylla hafi aukist umtalsvert frá fyrstu áætlunum.</i></p> <p><i>Varðandi önnur atriði er varða umhverfisáhrif, efnistöknámur, flutninga á aðföngum o.fl., þá verður fjallað um öll þessi atriði í umhverfismatskýrslu þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir.</i></p> <p><i>Ef ráðast þarf í breytingar eða lagfæringar á þjóðvegakerfinu utan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar, verður það gert á kostnað Qair Iceland.</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð  |
|--|---|
| <p>Þungaflutningar og umfang allt frá löndunarstað að framkvæmdasvæði sé í raun framkvæmanlegur kostur. Er íslenskt þjóðvegakerfið í stakk búið að takast á við slíka flutninga og er styrkur þjóðvegakerfisins ekki vanbúinn að þessu leyti? Þá ef þarf að koma til breytingar á þjóðvegakerfi til flutninga – er þá tryggt að fyrirtækið QAIR greiði fyrir þær framkvæmdir eða ætlar fyrirtækið íslenska ríkinu að greiða fyrir allar framkvæmdir sem eru utan áhrifasvæðis framkvæmdar.</p> <p>Í öllu falli þá ber framkvæmdalýsing þessi öll merki þess að ekki hefur verið hugsað fyrir nema hluta þess sem að slíkar framkvæmdir kalla á og er það mikill löstur við matsáætlun þessa.</p>   |   |
| <p><b>Veðurfar og vindur</b></p> <p>Fullnægjandi rannsókn á vindafari á Grímsstöðum í Meðalandi, framkvæmdasvæðinu hefur ekki átt sér stað sem ætti þó að vera einn af helstu grundvallarþáttum þess að áform sem þessi séu sett fram í matsáætlun. Eins og rannsóknir hafa endurtekið sýnt erlendis þá er viðhaldskostnaður mikill og slit á vindorkuspöðum þar sem er úrkomusamt og þá helst við ströndina þar sem sjávarselta og rokgyjarnt er oft á tíðum – við þetta bætist svo sandfok sem reikna má með að margfaldi slit á öllum búnaði og spöðum þá ekki síst sem svo eykur stórkostlega hættu á mikilli örplastmegnun á svæðinu með eiturefnum á borð við BPA, PFAS og fl. efna sem berast munu vítt og breitt um svæðið og langt út fyrir afmörkun þess og safnast með tímanum upp í jarðvegi og blandast þar vistkerfinu. Það að bera saman vindorkuver á Íslandi í veðurfarslegu tilliti við önnur lönd og eyjar sem eru vindasöm að jafnaði þá er himin á haf í orðsins fyllstu merkingu að bera saman kosti þess að nýta vindorku t.d. á Íslandi og Kanaríeyjum svo eitthvað sé nefnt. Endingartími vindorkuvera er margfalt meiri á staðvindasamari og hlýrri svæðum og skýrist það af mörgum samspilandi þáttum ekki síst tengt hverskyns úrkomu, miklum hita- og kuldaveiflum eins og þekkt er á Íslandi á móti stöðugra hita og vindafari eins og er að finna við hentugustu aðstæður nýtingu vindorku. Sá útbreiddi misskilningur sem talsmenn vindorku á Íslandi hafa haldið á lofti þ.e. að Ísland sé sérlega góður kostur vegna þess hve vindasamt er á landinu er líklega jafnútbreiddasti misskilningur fulltrúa vindorkunnar hér á landi. Staðreyndin er að Ísland er beinlínis í öllu falli mjög slæmur kostur fyrir nýtingu vindorku, vetur, sumar, vor og haust með öllum</p> | <p><i>Eins og fram kemur í kafla 1.2, voru í gangi mælingar á vindaðastæðum á svæðinu í um 17 mánuði frá október 2020 til febrúar 2022. Þessar mælingar staðfesta niðurstöður veðurmælinga á Skarðsfjöruvita frá árinu 1994, um að vindskilyrði fyrir vindorkugarð á svæðinu eru ákjósanleg.</i></p> <p><i>Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um möguleg slit á búnaði vindmyllanna og því hvort aðstæður vegna veðurfars og sandfoks séu óhentugar fyrir vindmyllur.</i></p> <p><i>Fjallað verður um náttúruvá í umhverfismatskýrslu eins og fram kemur í kafla 3.2.1.</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð   |
|--|--|
| <p>þeim sveiflum í veðurfari sem árstíðunum fylgja. Þá eru uppi stór vandamál á ísingasvæðum þar sem vandræði vindorkuaðila eru þekkt. Þá er við hæfi að ávarpa hér hættu á náttúruvá sbr. eldgos og því þarf það að vera einn matsþátta ef til öskufalls kemur og eða jafnvel framhlaupa – allt þetta verður að vega og meta í ljósi staðháttanna. Landvernd vill því undir þessum kafla áréttta m.a. niðurstöðu verkfræðinga m.a. Júlíus Sólnes að vindorkuver á Íslandi eigi ekki heima við íslenskt veðurfar.</p>  |  |
| <p><b>3.2.4. Tenging við flutningsnetið.</b></p> <p>Svo vitnað sé til umræðunnar almennt – stefnu og strauða, stjórnarsáttmála og spekulásjónir frá þeim sem hafa valdið – Alþingi og stofnanir ýmsar þá eru uppi mjög margvíslegar skoðanir varðandi nýtingu vindorku hér á landi. Eitt virðist þó standa upp úr þeirri umræðu og fólk virðist vera sammála um að ef vindorkuver verði á annað borð leyfð hér á landi að þá skuli koma þeim fyrir á örfáum og þegar röskuðum svæðum vegna neikvæðra umhverfisáhrifa. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er reyndar gengið lengra í að teyja sig í átt að virkjunaraðilum – en þó kemur þar fram að aðeins komi til greina að reisa vindorkuver við þegar röskuð svæði sbr. háspennulínur og tengivirki. Það sem er hinsvegar hér á ferðinni gengur þvert á allar skoðanir og umræðu því um er að ræða hvorki meira né minna en 30 – 45 km fjarlægð í næsta tengivirki og strenglagn með tilheyrandi umröti og náttúruspjöllum því í takti við það. Reyndar er það ótrúlega langsótt að fyrirtækið skuli hafa sett þessi áform í loftið með þá vitneskju í farteskinu að hverfandi líkur séu á að hægt sé að mæta þeim kröfum sem að þessi staðsetning gerir til um. Það að leggja 12 m breitt belti alla þessa vegalengd myndi fylgja gríðarlegt rask og verður að teljast ólíklegt að hægt verði að ná samningum um slíkar framkvæmdir, þá vantar nánari útlistun á því efnismagni sem þarf til við jarðvegskipti kringum strenglagn á svo langri leið og úr hvaða efnisnámmum væri tekið í það verk en ljóst má þykja að það magn af malarefni hlýtur að vera mjög mikið.</p> | <p><i>Þegar valinn er staður undir mögulegt vindorkuver eru margar breytur skoðaðar þar má í tilfelli Grímsstaða helst nefna hentugar veðuráðstæður, að svæðið er þakið sandi og að mestu leyti ógróið, almenn sátt virðist vera um vindmyllurnar í nærsamfélaginu, tiltölulega lítil umferð er um svæðið og talsverð fjarlægð er í helstu ferðaleiðir.</i></p> <p><i>Varðandi fjarlægð frá tengivirki er vísað til viðbragða við efnistatriði 4.5.</i></p> <p><i>Landsnet mun tengja saman vindorkuverið og flutningskerfið auk þess að sjá um rekstur varðandi tengingu við spennustöð. Sé mats á umhverfisáhrifum krafist, ber Landsnet ábyrgð á því. Qair mun ráðfæra sig við Landsnet um tengingu við flutningskerfið. Niðurstöður samráðs við Landsnet verða teknar fyrir í umhverfismatskýrslu.</i></p> |
| <p><b>3.2.5. Frágangur</b></p> <p>Við lok framkvæmda er því lýst hvernig á að ganga frá framkvæmdasvæðinu „eins og best verður á kosið og þannig að framkvæmdir falli eins vel að landi og mögulegt er.“ Um þetta er það að segja að fyrir liggur að um varanlega framkvæmd er að ræða eins og fram kemur í kafla um framkvæmdalýsingu.</p>  | <p><i>Endingartími vindmylla er að jafnaði 25 ár. Reglulegt, strangt eftirlit og viðhald vindmyllanna mun fara fram á meðan rekstri vindorkugarðsins stendur. Framkvæmdaraðili hefur aldrei haldið öðru fram en að fyrirhugaður vindorkugarður komi ekki til með að hafa umhverfisáhrif. Það er hins vegar verkefni umhverfismats að lágmarka þau áhrif eins og unnt er þó ljóst sé að</i></p>   |

| Athugasemdir/ábenningar   | Viðbrögð   |
|---|--|
| <p>Hvað varðar um mögulegt niðurrif eftir 25 ár – þá verður að segjast að það er mikil bjartsýni að ætla þessu vindorkuveri að endast í svo langan tíma – miklu nær væri að ætla 10 ár í endingartíma miðað við staðsetningu og búast megi við að allur búnaður verði endurnýjaður á 10 – 15 ára fresti því tæpast er við öðru að búast en að QAIR ætli sér annað en að verkefni muni verða búið að skila hagnaði sem er útilokað á þeim tíma sem þeir ætla nema þá að þeir hyggist sprengja upp orkuverð í landinu sér til ávinnings. En það sem varðar frágang er vandséð hvernig hægt er að takmarka þann varanlega skaða sem af verður og fyrirtækið staðfestir í framkvæmdalýsingu. Það sem fyrirtækið virðist ekki skilja er að það er ekki hægt að fella slíkar framkvæmdir að landi – þær eru ósamræmanlegar við ásýnd og landslagsheildir. Framkvæmdirnar munu taka allt sjónsvið þeirra sem fara um svæðið og áreitið vegna annarra þátta en beinna framkvæmda og ásýndar sbr. skuggaflökt, hávaði, blikkljós og önnur þekkt áhrif verða ekki löguð af landgræðslunni. Sá hluti sem landgræðsla getur lágmarkað tjón á er ásýndin einvörðungu að litlu leyti á landið á milli vindorkuveranna, það verður hinsvegar aldrei annað en yfirklor því allt votlendi og lífríki sem verður fyrir varanlegum skaða með tilheyrandi losun á CO2 við framkvæmdir verður ekki bætt, það er varanlegt rof og varanleg og óafturkræf náttúruspjöll.</p> | <p><i>vindorkugarðurinn verði ekki feldur að landi í þeim skilningi að það komi ekki til með að sjást. Þetta má glöggst sjá í kafla 1.3, þar sem fram kemur að breytt áform koma m.a. til af því að meira svigrúm verður á að taka tillit til fuglalífs og að forðast viðkvæm svæði.</i></p> |
| <p><b>4.17 3.3. Aðrir framkvæmdakostir – og tengd umræða í sama kafla.</b></p> <p>Hér fara skýrsluhöfundar um víðan völl – komið er inn á „sérstöðu vindorkunnar“ umfram aðra orkuframleiðslu og er þá helst týnt til sögunnar réttlættingin á að vindurinn sé eðlisólíkum öðrum virkjunum sbr. vatn og jarðhita og þá megi gefa eftir önnur sjónarmið. Hér verður að segjast að talsmenn vindorkuvera hér á landi virðast ekki gera sér grein fyrir að vindorkuver ferðast ekki með vindinum – þau eru staðbundin eins og aðrar virkjanir og vindorkuver hafa einmitt svo mikil og staðbundinn áhrif að þessi tegund virkjana hefur mælst hafa hvað neikvæðustu áhrif á líðan fólks og upplifun. Landvernd furðar sig því almennt á viðhorfi þeirra sem hafa að undanförmu verið að tala fyrir því að vindorkuver eigi ekki að falla undir lög um rammaáætlun því sannarlega er fráleitt að svo stórar og áhrifamiklar virkjanir verði meðhöndlaðar með öðrum hætti en aðrar virkjanir og orkumannvirki þar sem viðmið varðandi stærðarmörk virkjana er reyndar allt of hátt.</p>  | <p><i>Eins og sjá, sé kafla 3.3 lesinn vandlega, er því hvergi haldið fram að gefa megi eftir „önnur sjónarmið“ vegna „sérstöðu vindorkunnar“.</i></p>   |



| Athugasemdir/ábendingar   | Viðbrögð  |
|---|---|
| <p>Landvernd mælir eindregið með þar sem er til umfjöllunar í þessum kafla að fyrirtækið QAIR velji eina raunhæfa valkostinn það er núllkost.</p>   |   |
| <p><b>4. Aðferðarfræði við mat á umhverfisáhrifum</b></p> <p>Í þessum kafla eru dregin saman almenn viðmið og leiðbeiningar sem fyrirtækið hyggst beita. Landvernd gerir athugasemdir við hvernig fyrirtækið blandar óreiðukennt saman aðferðarfræði sem það hyggst beita en þar er vitnað til íslenskra leiðbeininga um mat á umhverfisáhrifum ásamt erlendum viðmiðum og leiðbeiningum.</p> <p>Í ljósi reynslunnar ætti öll aðferðarfræði við mat að liggja algjörlega skýrt fyrir þannig að fyrirtækið geti ekki gefið sér nær því sjálfðæmi um hvert er leitað eftir viðmiðum og leiðbeiningum um þau efnisatriði sem kann að hugnast fyrirtækinu í nokkrum atriðum við gerð umhverfismats. Varðandi samráð og kynningar á ýmsum stigum framkvæmda vill Landvernd koma því á framfæri við Skipulagsstofnun að gerð verði almenn krafa í öllum atriðum á öllum lögbundnum kynningastigum máls að framkvæmdaðilum og sveitarfélögum verði gert skylt að standa af meiri metnaði að upplýstri umræðu og fundum í tengslum við stórframkvæmdir.</p>   | <p><i>Sú aðferðafræði sem notast er við í þessu verkefni, er í engu frábrugðin því sem tíðkast hefur við mat á umhverfisáhrifum hér á landi til fjölda ára. Eins og fram kemur í viðbrögðum við efnisatriði 4.8 hér að framan verður umhverfismatsskýrslan unnin í samræmi við lög og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum ásamt leiðbeiningum um flokkun, viðmið, umfang, einkenni og vægi áhrifa. Þá er eins og fram kemur í viðbrögðum við efnisatriði 4.3 hér að framan, ferli mats á umhverfisáhrifum á forræði Skipulagsstofnunar, sem fær opinbera aðila til að yfirfara þau gögn sem sett eru fram.</i></p> <p><i>Qair bendir jafnframt á að fyrirtækið hefur í tvígang haldið opinn kynningarfund um fyrirhuguð áform þrátt fyrir að í lögum sé ekki farið fram á slíka fundi fyrr en niðurstöður umhverfismats liggja fyrir.</i></p> |
| <p><b>Almennt um niðurlag og vindorku hérlendis</b></p> <p>Nauðsynlegt er að fara nokkuð almennum orðum um texta í matsáætlun frá kafla 5. en almennt má segja að áformað vindorkuver er mikil ögrun við alla staðhætti – rök um fámenni sveitar geta tæpast vigtað sem rök svo dæmi sé tekið – vænta má því að ef að ávinningurinn er fámennið að þá má leiða líkum að því að framkvæmdin sé ekki til þess fallinn að efla mannlíf eða staðaranda á svæðinu frá því sem er. Það viðhorf sem kemur fram í matsáætlun að það sé í lagi að raska meira eftir því sem staðir eru fáfarnari er eðli máls í andstöðu við alla verndarsýn þar sem ósnortinn náttúra og lítt spillt og fámenn svæði eru einmitt talinn til fágætis sem okkur sem þjóð ber að vernda og passa upp á fyrir komandi kynslóðir. Allt annað sem komið er inn á er varðar umhverfisáhrif er hægt að kynna sér á erlendum vefsíðum þar sem sífellt stækkandi hópur fólks frá ólíkum löndum og heimsálfum hafa verið að stíga fram í stórum samtökum sem eru að sjá öll mistökin sem gerð hafa verið í nafni grænndar endurnýjanlegrar orku.</p> | <p><i>Samkvæmt því sem Landvernd segir hér, gengur engin staðsetning upp fyrir vindorkuver á Íslandi ef hvorki má hafa þau á fáförnum stöðum sem þessum þar sem slík svæði eru „talin til fágætis“ né á fjölfarnari slóðum þar sem vindmyllurnar þykja vera þyrnir í augum margra.</i></p> <p><i>Þau ummæli um að vindorka eigi þátt í að hleypa orkuverði upp úr öllu valdi eru fjarstæðukennd. Vonar framkvæmdaraðili að umsagnaraðili kynni sér betur málaflokkinn áður en hlaupið er af stað út í miðja á með óhróðri sem gerir ekkert nema að trufla þarfa umræðu.</i></p>   |



| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð  |
|--|---|
| <p>Einn stór þáttur í mótmælum almennings og ólíkra hagsmunaaðila á erlendum vettvangi er hve vindorkuver taka gríðarlegt landflæmi sbr. ef ætti að byggja upp raforkukerfi Danmörku einvörðungu á vindorku þá lætur nærri að þurfi að leggja allt Jótland undir til að mæta þessum vindorkuiðnaði. Að öðru leyti vill Landvernd vísa til staðreynda um neikvæðar afleiðingar á uppbyggingu vindorkuvera ekki síst meðal nágrannaríkja, Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Þar eru dæmi um óstöðugleika á flutningi á raforku í kjölfar vindorkuframleiðslu. Þá hefur óstöðuleiki í vindorkuframleiðendum átt þátt í að hleypa raforkuverði upp úr öllu valdi með tilheyrandi afleiðingum á almenning og sérstaklega lítil og meðalstór fyrirtæki. Orkumarkaðir erlendis hafa tekið gríðarlega hröðum breytingum þar sem einkavæðing raforkunnar hefur haft afleiðingar sem ekki er séð fyrir endann á. Það er ljóst að sporna verður við fótum hér á landi ef ekki á að fara á sömu leið og þá ber að hafa í huga að fyrirtæki á borð við QAIR ICELAND er ekki stofnað sem almannaheillafélag heldur fyrst og síðast eins og önnur slík fyrirtæki til að keyra upp eftirspurn og aukna neyslu hér á landi sem annarsstaðar. Það er því ástæða til að hafa áhyggjur af vaxandi innkomu einkafyrirtækja á sviði orkuframleiðslu sem fram til þessa hefur verið í höndum fyrirtækja í eigu almennings.</p> |   |
| <b>5. Eldvötn</b>  |   |
| <p><b>Krafa um sameiningu áforma á Grímsstöðum 1 og Grímsstöðum 2</b></p> <p>Í apríl 2021 kynnti Qair áform um vindorkuver í landi Grímsstaða í Meðallandi. Nú er til umsagnar matsáætlun vegna annarrar hugmyndar frá sama aðila, en um samliggjandi svæði er að ræða; Grímsstaði 1 (eldra, nyrðra svæði) og Grímsstaði 2 (nýrra, syðra svæði). <b>Eldvötn benda á að ljóst er að hið áformaða vindorkuver að Grímsstöðum 2 er stækkun vindorkuversins að Grímsstöðum 1, sem einnig er í umhverfismatsferli, með útvíkkun svæðis og fjölgun vindmylla, en alls ekki stök framkvæmd. Óheimilt er að skipta framkvæmd upp með þeim hætti sem matsáætlun ráðgerir í umhverfismati og skal það rökstutt nánar hér.</b></p> <p>Markmið laga um umhverfismat á framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er m.a., sbr. a- lið 1. mgr. 1. gr. þeirra, „sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati <b>framkvæmda</b> og</p>   | <p><i>Sjá viðbrögð við efnisatriði 4.6 hér að framan þar sem fram kemur að Skipulagsstofnun sá ekkert því til fyrirstöðu að vinna að matinu í tvennu lagi. Þar sem við á mun framkvæmdaraðili meta samlegðaráhrif beggja svæðanna þar sem við á í umhverfismatsskýrslunni fyrir Grímsstaði 2.</i></p> |

| Athugasemdir/ábenningar  | Viðbrögð |
|--|----------|
| <p>áætlana sem eru líklegar til að hafa <b>umtalsverð umhverfisáhrif</b>". Skilgreining framkvæmdar sem fram kemur í 3. gr. laganna styður ekki frekar en markmiðsákvæðið eða önnur gögn, þar með talið túlkun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og Evróputilskipanir sem íslensk lög eru innleiðing á, þá niðurstöðu að heimilt sé að meta umhverfisáhrif <u>hluta framkvæmdar</u>.</p> <p>Þá er bent á meginreglu um mat á heildarálagi í 10. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem segir að „Áhrif á náttúru svæðis skal meta út frá heildarálagi sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir.“</p> <p>Nefna má úrskurði ÚUA í máli nr. 60/2015 (Kerlingarfjöll) þar sem áfangaskipting umhverfismats var úrskurðuð ógild og máli nr. 83/2015 (Kjalvegur) þar sem forsendur úrskurðarnefndarinnar voru að heildarmat á framkvæmd hefði átt að fara fram. Sama niðurstaða verður dregin af ákvæðum Viðauka IV, b-liðar 1. mgr. tilskipunar 2011/92/ESB eins og henni var breytt með tilskipun 2014/52/ESB sem bindandi er fyrir íslensk stjórnvöld, en þar segir að upplýsingar sem koma skulu fram í umhverfismati framkvæmdar séu: „b) lýsing á efnislegum eiginleikum <b>allrar framkvæmdarinnar, [...]</b>“</p> <p>(Leturbreytingar eru okkar).</p> <p>Til hliðsjónar er einnig vísað til sjónarmiða sem fram koma i. og ii. liðum 1. töluliðar í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um að meta þurfi áhrif allrar framkvæmdarinnar, umfang hennar og samlegð með öðrum framkvæmdum, en ekki hluta hennar (e. project splitting).</p> <p><u>Hér er hins vegar einungis lagður fram til mats hluti stærra orkuvers.</u></p> <p>Ekki virðist því rétt frá sagt um umfang framkvæmdanna í matsáætluninni, en umhverfisáhrif heildarframkvæmdar, þ.e. <b>lokastærðar</b>, eru þau áhrif sem meta skal, í samræmi við það sem að framan er rakið. <u>Að þessu sögðu mælast Eldvötn til þess við Skipulagsstofnun að ofangreindri tillögu að matsáætlun, vegna mats á umhverfisáhrifum vindorkugarðs á Grímsstöðum 2 í Meðallandi, verði hafnað.</u></p> <p><b>Til vara benda Eldvötn á að hið allra minnsta sé nauðsynlegt er að meta samlegðaráhrif hinna tveggja áformuðu vindorkuvera, sbr. 1. mgr. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.</b></p> |          |

| Athugasemdir/ábendingar   | Viðbrögð  |
|---|---|
| <p><b>Meint raforkuþörf og afhendingaröryggi</b></p> <p>Í matsáætluninni segir að með fyrirhugaðri framkvæmd sé verið að bregðast við aukinni raforkuþörf á komandi árum og bæta afhendingu á svæðinu.</p> <p>Um aukna raforkuþörf má deila, en hið minnsta er rík ástæða er til að skoða í hvað sú orka sem þegar er framleidd fer; einnig möguleika til bættrar nýtingar hennar og uppfærslu þeirra virkjana sem þegar eru í rekstri. Eldvötn telja að nýframkvæmdir; orkuver sem krefjast mikilla náttúrufórna, ættu að vera allra síðasta úrræði, enda land takmörkuð auðlind sem verður æ verðmætara eftir því sem tíminn líður, og viðhorf til stórra inngripa í náttúruna með alvarleg áhrif á landslag og víðerni verða síður ásættanleg með hverju árinu.</p> <p>Afhendingaröryggi rafmagns í Skaftárhreppi hefur aukist til muna á undanförunum árum. Línur hafa verið lagðar í jörðu í Meðallandi, Landbroti og Álftaveri, með möguleikum á þriggja fasa rafmagni, auk þess sem nýtt tengivirki á Hnappavöllum í Örfasveit var tekið í notkun í júní 2021. Að auki er endurnýjun tengivirkisins að Prestsbakka á 10 ára framkvæmdaáætlun Landsnets, og verður til aukinna bóta. Ekki er því útlit fyrir annað en að afhendingaröryggi rafmagns í Skaftárhreppi sé vel ásættanlegt nú þegar, og standist vel samanburð við önnur svæði landsins.</p> <p>Að þessu sögðu vísa Eldvötn fullyrðingum Qair/Mannvits hvað varðar bæði aukna raforkuþörf og bætingu afhendingaröryggis á bug og <u>óska eftir því að gerð verði grein fyrir því hvaða ávinningur er raunverulega ætlaður af hinni fyrirhuguðu framkvæmd, og fyrir hvorn.</u></p> | <p><i>Varðandi hvort þörf sé á aukinni raforku eða ekki, þá mun Qair aðeins reisa vindorkuverið á Grímsstöðum ef búið er að tryggja kaup á raforku.</i></p> |
| <p><b>Áhrif á jarðminjar og gróðurfar</b></p> <p>Meðallandssandur er basaltsandur; hluti hinnar um 400 km löngu víðáttumiklu svörtu strandlengju með suðurströnd Íslands, lengst af hafnarlausri, þar sem víðsýnt er til fjalla og jökla, auk Atlantshafsins í suðri. Slíkur basaltsandur er talinn sérstakur í hnattrænu tilliti, en hann hefur byggst upp og viðhaldist af framburði jökulánna, þ.á.m. gríðarstórum jökulhlaupum, frá eldstöðvunum í Mýrdalsjökli og Vatnajökli; hinni kraftmiklu og síkviku náttúru.</p>   | <p><i>Tekið verður á þessum atriðum í umhverfismatskýrslu.</i></p>  |

| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð  |
|--|---|
| <p><b>Eldvötn benda á að skoða þarf sérstöðu og verðmæti strandlengjunnar vel m.t.t. jarðfræði, lífríkis og landslags, í bæði innlendu og hnattrænu samhengi.</b></p> <p>Óviða, ef nokkurs staðar, eru ferlar náttúrunnar svo bersýnilegir sem í Skaftafellssýslum þar sem jökulvötnin streyma frá heimum elds og ísa, byggja upp landið þar sem þau renna um víðfem, ung hraunin og önnur jarðlög til sjávar, þangað sem þau skila næringarefnum. Meðallandssandurinn á sinn sérstæða sess sem hluti þessarar stórkostlegu heildar með hinum virku ferlum. Í henni – án inngripa af ágengri nýtingu af þeirri stærðargráðu sem umrætt vindorkuver myndi vera – er verðmæti fólgið.</p> <p>Gróðurfarslega flokkast svæðið af Náttúrufræðistofnun Íslands að mestu eða öllu leyti sem strandmelhólavist. Ekki er um sérlega algenga vistgerð að ræða, en stærstu svæðin hérlendis eru í Meðallandi. Strandmelhólavist er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Á svæðinu er einnig að finna mýrlendi og gróin hraun, og það sérstaklega nefnt í matsskýrslunni. Um stöðu hinna tveggja síðastnefndu verður fjallað um hér að aftan, í kaflanum um náttúruverndarlög.</p> |   |
| <p><b>Áhrif á fuglalíf</b></p> <p>Af texta á bls. 27 í matsáætluninni er svo að skilja að fuglalíf sé heldur lítið á landi Grímsstaða 2, en einnig að fram til þessa hafi lítil vitneskja verið til staðar um ferðir fugla á nákvæmlega því svæði. <u>Stjórn Eldvatna bendir á að auga leið gefur að við umhverfismatið þarf að stoppa í þetta þekkingargat</u>, og leggur áherslu á að sérlega þarf að vanda til vals rannsóknaraðila og -aðferða, í takt við mikilvægi þáttarins.</p> <p>Svæðið sem matsáætlunin tekur til er í útjaðri – og að hluta til innan – skilgreinds IBA-svæðis; alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis sem skilgreint er sem alþjóðlega mikilvægt varpsvæði álfatar (1,1% af íslenska varpstofninum) og gulandar (3,8% af íslenska varpstofninum).</p> <p>Mikilli farfuglaumferð má gera ráð fyrir með ströndinni; t.d. fara mjög mikið af álfatum og gæsum þar í gegn. Eldvötn benda á að mikilvægt er að vera með radarmælingar á svæðinu í bæði vor- og haustfari og að þær dekki bæði tímabilin vel. Nauðsynlegt er að taka bæði lóðréttar og láréttar athuganir þegar aðalfartíminn er, en hann getur verið mismunandi eftir tegundum.</p>                                      | <p><i>Í fyrsta lagi eru fuglarannsóknirnar sem gerðar eru á framkvæmdasvæðinu ætlað að fylla upp í skort á gögnum um flugleiðir farfuglanna (auk fleiri upplýsinga) á þessu svæði. Þess vegna, á meðan umhverfismatsinu stendur, eru framkvæmdar fullnaðarrannsóknir á fuglum á svæðinu (þar á meðal eftirfarandi aðferðir: mælisnið á varptímanum, sjónarhólskannanir á tveimur farfuglatímabilum og varptíma og 8 mánaða ratsjarkönnun (sem nær yfir farfuglatímabilin tvö)). Niðurstöður þessara umfangsmiklu kannana gera okkur kleift að leggja mat á gildi svæðisins fyrir farfugla og fugla almennt. Lýst verður hegðun fuglanna og notkun þeirra á framkvæmdarsvæðinu á hverju tímabili lífsferils tegunda út frá niðurstöðum (þar á meðal staðsetningu viðkomusvæða, farfuglaleiðir o.s.frv.). Síðan verða hugsanleg áhrif rædd í niðurstöðu umhverfismatsins.</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð  |
|--|---|
| <p>Áríðandi er að taka með í reikninginn að radarmælingar eru mikilvægar, en ná ekki öllu. Gera má ráð fyrir að stórslysinn verði helst þegar fara saman sérstakar aðstæður (t.d. þoka) og mikil umferð. Óvíst er að tímabundnar mælingar nái slíku. En svo er hitt ferlið sem er mikilvægt en það er að margir fuglar (m.a. ábyrgðartegundir okkar úr hópi mófugla) forðast að verpa nærri vindmyllum svo þær grysja þéttleika út frá sér. Sjá t.d. grein í Journal of Applied Ecology; The distribution of breeding birds around upland wind farms.</p> <p>Samkvæmt upplýsingun stjórnar Eldvatna frá staðkunnugum sérfræðingum er þekkt að í landi Grímsstaða 2 stoppa tugþúsundir vaðfugla í vor- og haustfari, og stór hluti gæsastofna fljúga þar um í fari. Mikill hluti gæsastofnanna stoppar lítið eða ekkert í Meðallandinu, en fer þar um við komu til landsins að vori og brottför að hausti. Þeirra á meðal eru Blesgæsir, sem eru á válista og skilgreind sem tegund í hættu. Þétt skúmavarp hefur verið á svæðinu sem nú er til umfjöllunar. Skúmurinn er í sögulegri lægð, en þarf sannarlega á búsvæði sínu að halda ef hann á að koma til baka.</p> <p>Þá þarf að rannsaka hversu margar gæsir eru þarna í felli síðsumars, en þær halda til í kringum gljána; vatnasvæði norðan til á hinu skilgreinda svæði er umhverfismatið nú varðar. Þar voru nokkrir tugir gæsa merktar fyrir rúmum áratug.</p> |   |
| <p><b>Áhrif á landslag og víðerni, sjónmengun, ljósmengun og hljóðvist</b></p> <p>Á bls. 8 er fjallað um möguleg áhrif myllanna á flugumferð; „Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað nánar um þessa ákvörðun og hvernig fyrirhugaður vindorkugarður á Grímsstöðum í Meðallandi fellur þar undir, þ.e. hvort þörf verði á uppsetningu flugöryggisljósa eða öðrum aðgerðum og hvernig hugsanlegum skilyrðum verði framfylgt.“ Eldvötn benda á umhverfismatið þarf að taka til ljósmengunarinnar, áhrifa hennar og umfangs; væntanlega um langan veg.</p> <p>Almenn sjónmengun, ásýnd og áhrif á landslag eru þættir sem þarfnast mjög gaumgæfilegrar skoðunar að mati Eldvatna. Ekki er sjálfgefið að erlendir staðlar henti til mats hérlendis, þ.e. um miklar víðáttur er að ræða hið næsta, en fjalllendi fjær. Skoða þarf um hve langan veg ætla má að vindmyllurnar muni sjást, bæði með og án öryggisljósa, og meta áhrif þeirra á landslag og</p>   | <p><i>Eins og fram kemur í matsáætlun mun mat á áhrifum á ásýnd og landslag byggja á viðurkenndri aðferðafræði og leiðbeiningum, sem hafa verið mikið notaðar í sambærilegum verkefnum. Hér er um að ræða aðferðafræði sem Skipulagsstofnun viðurkennir og hefur beint verkefnum í þann farveg. Með hliðsjón af þeim ásýndarmyndum sem sýndar hafa verið á kynningarfundum og sem birtast munu með umhverfismatsskýrslu, er framkvæmaraðili sannfærður um að ekki þurfi að ætla að ásýndaráhrif nái til lengri fjarlægðar en þeirra 45 km sem miðað er við skv. leiðbeiningum NatureScot sem notast er við sem eru einnig þær leiðbeiningar sem Skipulagsstofnun hefur bent á.</i></p> <p><i>Áhrif verða einnig metin á hljóðvist og skuggaflókt eins og fram kemur í matsáætlun.</i></p> <p><i>Vindmyllurnar sem notast er við í umhverfismatinu fyrir vindorkugarðinn á Grímsstöðum eru að gerðinni Vestas V162 sem er 200m há með spaða í hæðstu</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð  |
|--|---|
| <p>ásýnd. Horfa þarf til nánasta umhverfis en ekki síður fjallanna og hálandisins til vesturs, norðurs og austurs; allt frá Hafursey í vestri, um Álftavers-, Skaftártungu- og Síðumannaafreitti austur í Örfæfjökul og Ingólfshöfða. Á lista yfir myndatökustaði til mats á sjónrænum áhrifum vantar því, að mati Eldvatna, fjöllin í kring; t.a.m. Höttu, Mýrdalsjökul, Hafursey, Kerlingarhnúka, Rjúpnafell, Einhyrning, Gjátind, Skálarfjall, Kaldbak, Lómagnúp, Skaftafellsfjöll, Örfæfjökul og Ingólfshöfða – og áfram má telja. Jafnvel hátind Torfajökuls og Sveinstind. Ef til öryggisljósa á myllunum myndi koma, má ætla að þau hefðu áhrif á öræfaupplifun af þessum fjöllum, til skerðingar. Eldvötn benda á að margir frammanefndra staða eru ofan miðhálandismarka, og aðrir í grennd við þau. Samkvæmt landsskipulagsstefnu skal viðhalda sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á m.a. verndun víðerna þess og landslagsheilda. Segir þar einnig að standa skuli vörð um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist og skuli uppbygging innviða taka mið af sérstöðu þess. Við þetta má bæta að skoða þarf vel Evrópska landslagssáttmálann; hvort og þá hvernig ákvæði hans snerta áformin.</p> <p>Gera þarf grein fyrir og meta áhrif hljóðvist; hávaða/hvins og víbrings, sem og skuggaflökts, sem eru þekktir fylgifyrirlit stórra vindmylla. Auk truflunar fuglalífs getur framkvæmdin haft áhrif á landnotkun nærliggjandi jarða sökum hávaða, en þekkt er að hljóð frá vindmyllum, jafnvel þótt illgreinanleg séu, hafa til lengri tíma slæm áhrif á heilsu bæði manna og dýra, sem og skuggaflökts af völdum spaðanna.</p> <p><u>Síðast en ekki síst skal hér nefnt að matið verður, ef marktækt á að vera, að taka mið af þeirri gerð vindmylla sem til stendur að nota. Á bls. 7 í matsáætluninni segir að afl hverrar myllu verði 7,2 MW, en skv. upplýsingum Eldvatna eru slíkar myllur yfir 200 m að hæð.</u></p> | <p><i>stöðu. Ör framför er á tækni í vindorku og hefur því þessi vindmylla farið úr 5,6 MW í 7,2 MW á síðustu árum.</i></p> |
| <p><b>Náttúruvá og fok</b></p> <p>Náttúruvá er ávallt yfirvofandi í Eldsveitunum. Með hana í huga ber til þess að líta að land Grímsstaða er í útjaðri þekktis flóðfarveggar Kötlu. Slík hlaup eru mikil eðja; samanstanda af vatni, aur og ís. Meta þarf þá hættu sem vindorkuveri myndi stafa af slíkum hamförum, en einnig áhrif öskufalls á búnað vindmyllanna. Utan slíkra stóratburða ber að líta til þess að ösku-,</p>   | <p><i>Eins og fram kemur í kafla 3.2.1 í matsáætlun verður sérstakur kafla um náttúruvá í umhverfismatskýrslu.</i></p>      |

| Athugasemdir/áþendingar |  | Viðbrögð  |
|-------------------------|--|---|
|                         | <p>leir- og sandfok eru daglegt brauð á svæðinu og hljóta að ógna rekstraröryggi raforkuframleiðslunnar sem vindmyllurnar eiga skv. matsáætlun að stuðla að. Meta þarf áhrif sand- og leirfoksins m.t.t. kornastærðar og gerðar. Ekki má fram hjá því líta að komi til Kötlugoss, þá mun fíngerðara efni bætast við í stórum stíl; mögulega með ólík áhrif á mannvirkin. Eldvötn benda á að til alls þessa þarf umhverfismatið að taka.</p>  |   |
| 5.7                     | <p><b>Umfang, dýpt niður á fast og efnistaka</b></p> <p>Eldvötn benda á að tiltaka þarf og meta umhverfisáhrif af umfangi steypupalla, spennistöðva aðkomuvega, línulagna og hvers kyns öðru raski, sem og gera grein fyrir ætluðu magni jarðefna fyrir <b>báðar framkvæmdirnar</b> í heild sinni. <b>Skýrt þarf að koma fram hver heildarfjöldi vindmyllanna á að vera, sem og stærð landsvæðis sem ætlað er að undir framkvæmdirnar fari. Ef um fleiri en eina útfærslu ræðir þarf að gera skýra grein fyrir hverri þeirra.</b></p> <p>Þá er nauðsynlegt að útskýra hvar hugmyndin er að ná í allt það jarðefni sem framkvæmdin krefst, en sé horft til umfangs sambærilegra verkefna er væntanlega verið að tala um a.m.k. hálf milljón rúmmetra (!) Tiltaka þarf hvort horft sé til opinnar námu í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði, taka nýja eða jafnvel sækja efni lengra að. Hvað sem verður þá, þarf að liggja fyrir skýrt mat á því hvaða áhrif slíkt hefur á umhverfið, enda um gríðarlega efnisflutninga að ræða. <u>Eldvötn benda sérstaklega á að afar áriðandi er að utanaðkomandi efni beri ekki með sér ágengar tegundir á borð við t.a.m. Alaskalúpínu eða kerfil. Smit slíkra tegunda inn á svæðið yrði óbætanlegt vistkerfinu, m.a. því er nýtur sérstakrar verndar skv. framansögðu.</u></p> <p><b>Þá benda Eldvötn á að rannsaka þarf hversu langt er niður á fast á umræddu svæði og hvort raunhæft er að reisa þar mannvirki af þeirri stærðargráðu sem um ræðir. Vakin er sérstök athygli á því að aðstæður á sandinum eru afar mismunandi eftir árstíðum og tíðarfari og þurfa rannsóknir að taka mið af því.</b></p> | <p><i>Tekið verður á öllum þeim atriðum sem hér eru talin upp í umhverfismatskýrslu.</i></p>  |
| 5.8                     | <p><b>Áhrif á ferðamennsku og útivist</b></p> <p>Meta þarf áhrif framkvæmdarinnar á ferðamennsku og útivist. Til að mynda eru áformin ofan í fjöruveginum að Skarðsfjöruvita sem vinsælt er að heimsækja, enda þar um fágæta upplifun og mikla sérstöðu að ræða. Meta</p>  | <p><i>Eins og fram kemur í kafla 5.6 í matsáætlun var, sumarið 2022, unnin athugun á gildi og aðráttarafli svæðisins með tillit til ferðamennsku og útivistar nyrðra svæðisins. Niðurstöður þessarar athugunar munu einnig nýtast syðra svæðinu (Grímsstaðir 2) og verða þær kunngjörðar í umhverfismatskýrslu.</i></p> |



| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð   |
|--|--|
| <p>þarf hvaða áhrif vindorkuverið myndi hafa á þau tækifæri til sérstæðrar náttúruupplifunar sem svæðið hefur státað af. Þá má t.a.m. nefna Hnausa, Skaftárós, Alviðruhamra og Þorláksveginn, en einnig veiði- og gististaði í Meðallandinu – og raunar um langtum lengri veg, sbr. umfjöllun hér að framan um mögulega ljósmengun og skerðingu á víðernisupplifun langt upp til fjalla, sem gaumgæfilega þarf að skoða hvaða áhrif myndi hafa á útivist og óbyggðaupplifun; jafnvel allt frá Mýrdalsjökli í vestri að Örafajökli og Ingólfshöfða í austri. Áhrif á norðurhluta Mýrdalssands og Álftaversafrétt, þar sem í dag er auðvelt er að komast í óbyggðaupplifun aðeins spölkorn frá Þjóðveginum, þarf að mati Eldvatna að meta sérstaklega, enda má ætla að verðmæti slíkra svæða, án áberandi áhrifa mannsins, verði æ meira í nánustu framtíð. Í beinu framhaldi má nefna að hundruðir ferðamanna fara að íshellum í Kötlujökli nánast dag hvern, árið um kring. Við mat áhrifa á ferðaþjónustu telja Eldvötn ástæðu til að skoða sérstaklega möguleg áhrif sjónmengunar, með og án ljósa, á ferðirnar inn að hellunum, en óbyggðaupplifun er stór þáttur í þeim ferðum, sem ferðaþjónustufyrirtæki á Suðurlandi bjóða upp á með tilheyrandi atvinnusköpun og tekjuöflun. Á lista yfir valda myndatökustaði á bls. 21 er tiltekinn slóði norðan Hafurseyjar, sem ferðamenn fari gjarnan um á sumrin. Hið rétta er að umferð um þetta svæði er mikil árið um kring, sbr. framanritað. Við þetta allt saman má bæta norðurljósaskoðun, sem orðinn er veigamikill þáttur í vetrarferðamennsku og svæði án ljósmengunar verða að teljast einkar verðmæt fyrir.</p> <p>Eldvötn benda sérstaklega á að við rannsóknir á ferðamennsku og útivist þarf, ef vel á að vera, að greina tegundir ferðamanna (náttúruferðamenn vs. fjöldaferðamenn) og meta hvort/hvernig vindorkuverið sé talið líklegt til að hafa áhrif á þá hópa sem í svæðið sækja.</p> |  |
| <p><b>Varanleg breyting á lítt raskaðri náttúru</b></p> <p>Til samburðar þarf að meta gæði landsins með áframhaldandi lítt raskaða náttúru. Eldvötn telja fullkomlega óraunhæft er að ætla að öll vegsummerki mannvirkja af þessari stærðargráðu verði nokkurn tíma fjarlægð með öllu; m.a. steypupallar, slóðar og annað, heldur verði um varanlega breytingu að ræða. Því telja Eldvötn með öllu óraunhæft að fjalla um framkvæmdina sem afturkræfa.</p>   | <p><i>Framkvæmdaraðili hefur ávallt talað mjög skýrt um það, m.a. á kynningarfundum þann 2. mars sl., að ef tekin verði ákvörðun um niðurrif eftir líftíma garðsins, þá verði öll mannvirki fjarlægð nema að annars sé óskað af landeiganda.</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar   | Viðbrögð   |
|---|--|
| <p><b>Náttúruverndarlög</b></p> <p>Tvær mögulegar flutningsleiðir rafmagns frá landi Grímsstaða að spennivirkinu að Prestsbakka á Síðu eru tilteknaðar í áætluninni; annars vegar þvert yfir Skaftáreldahraunið frá 1783 og Landbrotshólana, sem eru gervígigáþyrping, talin eiga uppruna sinn í Eldgjárgosinu um 930 (um 30 km leið) og hins vegar meðfram vegi um sömu náttúruminjar (um 45 km leið), en ekki hefur verið tekið afstaða til þess hvort um jarðstrengi eða loftlínur muni ræða, eða sambland beggja. Hvor leiðin sem yrði fyrir valinu myndi valda röskun á nútímahraunum og gervígígum; sannarlega meiru ef þvera ætti það beinustu leið, en einnig þótt farið væri með veginum, vegna breiddar framkvæmdasvæðis. Skaftáreldahraunið frá 1783 er annað mesta hraun sem runnið hefur á sögulegum tíma á jörðinni og telst til merkustu jarðminja á heimsvísu. Landbrotshólarnir, sem taldir eru vera úr Eldgjárgosinu um 930, eru stærsta gervígigáþyrping landsins, en gervígígur eru eitt sér fyrirbæra íslenskrar eldvirkni og Eldgjárhraunið hið eina í heiminum frá sögulegum tíma sem skákar Skaftáreldahrauninu að stærð. Að þessu sögðu verður varla um það deilt að sérstaða svæðisins er mikil, og um leið verndargildi.</p> <p>Þá er í matsskýrslunni tiltekið að á svæðinu sé „víða mýrlent eða gróin hraun“.</p> <p>Eldvötn benda á að skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta tiltekin vistkerfi og jarðminjar njóta sérstakrar verndar; m.a. nútímahraun, gervígígur og votlendi.</p> <p>„▪ Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.:</p> <p>a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, [20.000 m<sup>2</sup>] 1) að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur,</p> <p>[...]</p> <p>▪ Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.:</p> <p>a. eldvörp, eldhraun, gervígígur og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma[...]"</p> | <p><i>Eins og fram kemur í kafla 3.2.4 og 4.2 í matsáætlun er tenging vindorkugarðsins við flutningsnetið og umhverfismat tengingarinnar, í höndum Landsnets og verður áframhaldandi samstarf haft við fyrirtækið varðandi tengingu á vindorkugarðingum við flutningskerfið.</i></p> <p><i>Varðandi það að forðast að raska vistkerfum og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til, þá er þetta einmitt ein ástæða þess að vindmyllum var fækkað á nyrðra svæðinu og syðra svæðið tekið til umfjöllunar (Grímsstaðir 2).</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar   | Viðbrögð   |
|---|--|
| <p>Í 3.-4. mgr. lagagreinarinnar segir, í framhaldi þess sem hér er að framan talið, að forðast beri að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til [...] Við mat á leyfisumsókn skuli líta til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. og jafnframt huga að mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Ákveði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega fari hún í bága við [umsagnir] umsagnaraðila.</p> <p>Skemmst er að minnast úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna áforma um Hnútuvírkjun í Hverfisfljóti. Nefndin komst m.a. að þeirri niðurstöðu að sveitarstjórn Skaftárhrepps hefði ekki fært rök fyrir brýnni nauðsyn til röskunar jarðminjum í Skaftáreldahrauni.</p> <p><u>Eldvötn benda á að um röskun Skaftárelda- og Eldgjárhrauna vegna raforkuflutnings frá fyrirhuguðu vindorkuveri í landi Grímsstaða í Meðallandi gildir hið sama, og skora á Qair Iceland að falla þegar frá áformum sínum. Óþarft er að láta slík mál velkjast lengi í kerfinu, samfélagi sveitarinnar til ómælds ama og sundrunnar.</u></p> <p>Á bls. 8 er fjallað um verndarsvæði og sagt að við matið verði skoðað hvort einhverjar jarðmyndanir eða vistgerðir njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og þá hvernig unnt verði að lágmarka rask á þeim.</p> <p><u>Eldvötn leggja áherslu á að skýrt er kveðið á um það í náttúruverndarlögum að forðast beri að raska vistkerfum og jarðminjum þeim sem tilteknar eru í 61. grein náttúruverndarlaga um sérstaka vernd nema brýna nauðsyn beri til. Ekki hefur verið sýnt fram slíka nauðsyn fyrir vindorkuver í landi Grímsstaða í Meðallandi. Orð Mannvits um að skoðað verði hvernig unnt verði að lágmarka rask á þeim eiga því ekki við. Með vísan til þessa benda Eldvötn á að staðsetning hins fyrirhugaða vindmyllugarðs gengur ekki upp.</u></p> |  |
| <p>5.11 <b>Rammaáætlun</b></p> <p>Á bls. 7-8 í matsáætluninni er vikið að rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Í veðri er látið vaka að ekki hafi með afgerandi hætti verið skoríð úr um það hvort vindorka falli undir hana, og því til stuðnings m.a. vísað í skýrslu þáverandi ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra</p>   | <p><i>Öll verkefni framkvæmdaraðila þess tíma voru send til umfjöllunar rammaáætlunar í 4. áfanga og við óbreyttar forsendur munum við fylgja þeim eftir undir því regluverki. Mikilvægast er að það sé alveg skýrt að framkvæmdaraðili hyggst fara að lögum, í samkomulagi við alla aðila sem málið varðar.</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar   | Viðbrögð  |
|---|---|
| <p>frá 2018 um [þá] nýjar aðferðir við orkuöflun með sérstakri áherslu á vindorku, sjávarorku og varmaorku með varmadælum.</p> <p>Eldvötn benda hins vegar á að skv. 3. málsgrein 3. greinar laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun er skýrt að áætlunin tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn skv. 8. gr. hefur fjallað um og hafa uppsett rafafi 10 MW eða meira og uppsett varmaafi 50 MW eða meira. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um skipulag og vindorkunýtingu er þetta einnig skýrt. <b>Með þingsályktun Alþingis nr. 24/152 um vernd og orkunýtingu landsvæða, dags, 15.06.2022, þar sem 3. áfangi Rammaáætlunar var staðfestur, var með óbyggjandi hætti skorið svo úr að vindorkuver falla undir áætlunina.</b></p>  |   |
| <p><b>Aðalskipulag</b></p> <p>Á bls. 6-7 í matsáætluninni segir réttilega að í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Skaftárhrepps segi að mikilvægt sé að marka stefnu um hugsanlega nýtingu vindorku í samfélaginu og að tilgangur aðalskipulagsáætlunar sé að beina vindorkuverum á heppileg svæði þar sem land sé ekki óþrjótandi auðlind. Lagt er til að ákvarða svæði undir vindorkuver, annars vegar með því að afmarka svæði sem ekki eru talin ákjósanleg undir vindorkuiðnað og hins vegar fýsileg svæði sem geta hentað með tilliti til grunnkerfa og vinds og bera saman hvar þau skarast.</p> <p>Eldvötn telja ástæðu til að skoða textann um vindorkuver í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031 í heild sinni, í framhaldi framanlistaðs útdráttar Mannvits/Qair. Mun dýpra er þar farið í áform um stefnumörkun um mat á svæðum m.t.t. vindorkuvinnslu.</p> <p>Í aðalskipulagstillögunni segir, á bls. 139-140:</p> <p><i>Tilgangur aðalskipulagsáætlunar er að beina iðnaðarsvæðum og vindorkuverum á heppileg svæði og stýra fyrirkomulagi þeirra með tilliti til umhverfisáhrifa og annarra skipulagsþátta. Hugmyndir um virkjun vindorku verða sífellt algengari hér á landi og þó að vindurinn sé óþrjótandi auðlind er land undir vindorkuver það ekki og uppbyggingu þeirra fylgir töluvert jarðrask sem getur haft áhrif á lífríki, gróður, jarðveg og minjar og veldur þannig óafturkræfum umhverfisáhrifum. Hæð á vindmyllum er sífellt hækkandi og verða þær því meira áberandi í landslagi og sjást víðar að,</i></p> | <p><i>Qair hefur átt í samráði við forsvarsmenn sveitarfélagsins Skaftárhrepps í tengslum við fyrirhuguð áform, sem m.a. hefur verið fólgið í að óska eftir nauðsynlegum skipulagsbreytingum svo áformin gangi ekki í berhögg við núverandi landnotkun.</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar   | Viðbrögð |
|---|----------|
| <p>stærra landsvæði fer undir þær og jarðrask verður meira. Vindorkuver munu valda breytingum á ásýnd landsins og því er nauðsynlegt að marka stefnu um hugsanlega nýtingu vindorku í sveitarfélaginu.</p> <p>Vegna áhrifa á ásýnd, landslag, lífríki og fuglalíf er skipulag vindorkuvera töluverð áskorun. Við mat á svæðum sem geta hentað til nýtingar er lagt til að nálgast það á tvennan hátt. Annars vegar að afmarka (taka frá) þau svæði sem ekki er talið ákjósanlegt að fari undir vindorkuiðnað og hins vegar fýsileg svæði sem get[ur] hentað með tilliti til grunnkerfa og vinds og bera saman hvar þau skarast. Kortlagning snýr meðal annars að því að greina landnotkun og svæði með tilliti til áhrifa á umhverfi og landslag, svo sem verndar-, menningar- og sögugildi þeirra. Landslagsflokkun og greining verði nýtt til skráningar á mikilvægum útsýnisstöðum, kennileitum, landbúnaðarsvæðum og afmörkun þéttbýlis, og til að kortleggja þau svæði sem standa út af og bera þau saman við tillögur að umsóknum um staðsetningu virkjunarkosta. Bera þarf saman kosti og galla við mögulegar staðsetningar og nýta við ákvörðun áætlana í framsetningu í aðalskipulagi.</p> <p>Tillögur að vindorkuverum skulu hlíta mati á umhverfisáhrifum samkvæmt gildandi lögum þar um. Við mat á umhverfisáhrifum er farið nánar yfir áhrif á ýmsa umhverfisþætti eins og lífríki, fugla- og dýralíf, landslag og sjónræn áhrif. Þá verður einnig að meta áhrif vindorkuvera á aðra atvinnuvegi, s.s. ferðaþjónustu, en breytt ásýnd lands getur haft mikil áhrif á upplifun ferðamanna af umhverfinu. Þá er mat á líftíma vindmylla og fyrirkomulag förgunar þeirra og frágangs að orkuvinnslu lokinni mjög mikilvægur. Mat á umhverfisáhrifum skal nýta við valkostagreiningu og fyrirkomulag og mögulegar mótvægisáðgerðir af hálfu framkvæmdaraðila og skal matið lagt til grundvallar við ákvarðanatöku um framkvæmdaleyfi.</p> <p>Almenn ákvæði</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Á undirbúningsstigi verkefnis skal vinna að vel upplýstu staðarvali og staðarvalskostum.</li> <li>- Skoða skal staðhætti, landhalla og yfirborðslögun og staðsetja vindmyllur með tilliti til bestunar á því.</li> </ul> |          |

| Athugasemdir/áþendingar  | Viðbrögð |
|--|----------|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>- Í uppröðun skal stefna að því að skapa heildarsvip (jafnar línur) þó þannig að umfang verði ekki yfirþyrmandi eða einsleitt, þá er æskilegt að stytta langar raðir eða brjóta upp í þyrpingar vindmylla.</li> <li>- Staðsetja skal vindmyllur í vindorkuverum þannig að sjónræn áhrif og áhrif á lífríki og landslag séu lágmörkuð og að skuggavarp og skuggaflökt sé í lágmarki.</li> <li>- Setja skal upp viðeigandi lýsingu og öryggislýsingu en lágmarka ljósmengun út fyrir skilgreint svæði vindorkuvers.</li> <li>- Skapa skal heildarjafnvægi í útlitsgerð, litasamsetningu og stærð vindmylla og í heildaryfirbragði vindorkuvera. Skapa skal sjónræna formfestu og jafnvægi.</li> <li>- Nota skal efni og áferð sem hvorki glampar á né endurspeglast frá, á vindmyllur og öll mannvirki tengd vindorkuverum.</li> <li>- Nýta skal þegar raskað land til orkuframleiðslu og manngerða innviði sem til staðar eru, sé þess kostur.</li> <li>- Nýta skal sjálfbærnivottun, skrásetja skal lífsferilhring framkvæmdarinnar frá upphafi til endaloka reksturs, niðurrif og endurvinnslu/förgunar vindmylla.</li> <li>- Áætlun um rekstartíma vindorkuvera og líftíma vindmylla, endurvinnslu/förgun vindmylla að líftíma þeirra liðnum og frágang á landi að vinnslu lokinni skal vera frágengin í upphafi verks. Framkvæmdaaðili skal skuldbinda sig til að sýna fram á framfylgd hennar og fjármögnun, þannig að ummerki og umhverfisáhrif vindorkuvers verði hverfandi að líftíma þeirra liðnum.</li> <li>- Sýna skal fram á hvernig uppbygging vindorkuvers samræmist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.</li> <li>- Efni og aðföng fyrir framkvæmdina skulu endurnýtt, endurnotuð og endurunnin eftir fremsta megni.</li> <li>- Hringrásarhagkerfi og vistvæn hugmyndafræði skal höfð að leiðarljósi við hönnun, skipulag og framkvæmdir við vindorkuver.</li> <li>- Ekki eru skilgreind svæði fyrir vindorku í Skaftárhreppi.</li> </ul> |          |

| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð   |
|--|--|
| <p>Framangreindur texti, þótt í ósamþykktri tillögu sé, er að mati Eldvatna til marks um ábyrga stefnu íbúa Skaftárhrepps hvað vindorkuver varðar, á tímum þegar óheyrilega mikil ásókn aðila, ekki síst erlendra, er í land undir slíkan rekstur.</p> <p>En í matsáætlun Mannvits/Qair er vaðið áfram á þeim nótum að gera þurfi breytingar á aðalskipulagi Skaftárhrepps í þá veru að afmarka fyrirhugað virkjanasvæði sem „iðnaðarsvæði“ [...] og að engu haft að greiningarvinnan getur mjög hæglega leitt til þeirrar niðurstöðu að Grímsstaðir í Meðallandi henti alls ekki til slíkrar landnotkunar. <b>Eldvötn gera alvarlega athugasemd við þennan hugsanagang, sem jafnvel mætti kalla yfirgang, og beina því til framkvæmdaáðila að leyfa greiningarvinnunni að fara fram og lúta niðurstöðum hennar. Það mat á umhverfisáhrifum sem hér fer fram, hvað þá tilætlunarsemi um breytingu aðalskipulags, sem er stefnumarkandi áætlun íbúa sveitarfélagsins og unnin skal í góðu samráði og í sátt við náttúru og umhverfi, er með öllu ótímabær.</b></p> <p><u>Skv. framanrituðu þarf vandað samráð, undir forystu sveitarstjórnar, að eiga sér stað við íbúa Skaftárhrepps um þessi mál; með þann útgangspunkt hvort og þá hvar vindorkuver gætu átt rétt á sér innan sveitarfélagsmarka. Samráðið á ekki að ganga út á það hvernig réttlæta megi eina tiltekna hugmynd með öllum tiltækum ráðum, svo sem hér er raunin.</u></p> |  |
| <p>5.13 Eldvötn minna að lokum á að tækni til að fanga orku úr vindi er í stöðugri framþróun. Nú er t.a.m. verið að hanna og gera tilraunir með lóðréttar túrbínur (e. vertical turbines) sem gætu komið í stað núverandi vindmylla sem ná allt að 250 metra upp í loftið og eru mjög stórkaraleg mannvirki á allan hátt. Gert er ráð fyrir að lóðréttar túrbínur yrðu mun minni að umfangi en núverandi hönnun og séu líklegar til að valda af þeim sökum minni inngripum í náttúruna, en þó með betri nýtni. Vindmyllur eru mannvirki sem munu standa í langan tíma og það virðist afar óskynsamlegt að rjúka til og koma þessum háu og stórkaralegu mannvirkjum fyrir í dýrmætri íslenskri náttúru, flestum til ama. Ef fólk á annað borð hefur hug á að virkja vindinn, þá verður að teljast skynsamlegra að bíða þar til tækniþróunin er komin á það stig að hægt verði að fanga hann og breyta í raforku í betri sátt við bæði menn og náttúru.</p>  | <p><i>Fyrirhuguð áform stjórnast fyrst og fremst af eftirspurn eftir raforku og því að samkvæmt öllum spám er þörf á mikilli aukningu raforkuframleiðslu á Íslandi. Ekki gengur að bíða eftir því að tæknin verði lengra á veg komin þar sem um er að ræða þróun sem er stöðugt í gangi en ekki eitthvað sem stöðvast einn góðan veðurdag.</i></p> |



| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð  |
|--|---|
| <b>6. Fuglavernd</b>   |   |
| <p>6.1 Fuglavernd telur fráleitt að nýting vindorku geti átt heima á mikilvægum fuglasvæðum (IBA) eða á svæðum sem þekktar farleiðir fugla liggja um en þetta á einmitt við um svæði fyrir ætlaða vindorkugarða í landi Grímsstaða í Meðallandi. Fuglavernd telur að nauðsynlegt sé að meta bæði svæðin (Grímsstaði 1 og 2) heildstætt því ekki er hægt að meta umhverfisáhrif af tveimur samliggjandi vindorkugörðum óháð hvor öðrum. Fuglavernd telur einnig að matsáætlun ætti að innihalda mat á umhverfisáhrifum tengingar vindorkugarðanna við flutningskerfi rafmagns svo yfirsýn fáist yfir heildaráhrif framkvæmdarinnar. Fuglavernd leggur því til að Skipulagsstofnun hafni fyrirbyggjandi matsáætlun fyrir vindorkugarð á Grímsstöðum 2 í Meðallandi, Skafárhreppi.</p>  | <p>Varðandi mikilvæg fuglasvæði er vísað í viðbrögð við efnisatriði 4.11. Samlegðaráhrif Grímsstaða 1 og 2 verða tekin fyrir í umhverfismatskýrslunni fyrir Grímsstaði 2.</p> <p><i>Varðandi tengingu við flutningskerfið, þá er sú tenging á hendi Landsnets, sem mun sjá um þá framkvæmd auk þess að sjá um rekstur varðandi tengingu við spennustöð. Sé mats á umhverfisáhrifum krafist, ber Landsnet ábyrgð á því. Qair mun ráðfæra sig við Landsnet um tengingu við flutningskerfið og verður greint frá niðurstöðum þess samráðs í umhverfismatskýrslu.</i></p> |
| <p>6.2 Fuglavernd bendir á að starfandi er starfshópur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sem á að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar varðandi nýtingu vindorku, þ.á m. um lagaumhverfi hennar og hvernig verði tekið á ýmsum álitamálum. Meðal annars hvernig haga eigi samspili hagnýtingar vindorku og skipulags- og leyfisveitingarferli þegar í hlut eiga viðkvæm svæði eða viðkvæmir þættir, eins og áhrif á náttúrufar og friðlýst svæði, fuglalíf, ferðamennsku, grenndarrétt eða önnur sjónarmið. Tillögur starfshópsins eru ekki komnar fram og t.d. ekki ljóst hvort nýting vindorku komi til með að heyra áfram undir lög um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun). Sáttmáli ríkisstjórnarinnar gefur þó ákveðin fyrirheit um að áhersla verði lögð á að vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum, svo unnt verði að tryggja afhendingaröryggi og lágmarka umhverfisáhrif. Tekið er fram að mikilvægt sé að breið sátt ríki um uppbyggingu vindorkuvera og tillit sé tekið til sjónrænna áhrifa, dýralífs og náttúru. Fuglavernd telur að vindorkuver í landi Grímsstaða í Meðallandi falli ekki að þessum markmiðum og leggst eindregið gegn þeim. Fuglavernd telur reyndar ótímabært að skipuleggja ný vindorkuver á Íslandi áður en sá lagarammi sem er í undirbúningi liggur fyrir.</p> | <p><i>Öll verkefni framkvæmdaraðila þess tíma voru send til umfjöllunar rammaáætlunar í 4. áfanga og við óbreyttar forsendur munum við fylgja þeim eftir undir því regluverki. Ef breytingar verða á lögum og regluverki mun framkvæmdaraðili að fullu aðlgaa sig að þeim.</i></p>  |

| Athugasemdir/ábendingar                        | Viðbrögð  |  |
|--|---|--|
| <b>7. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL)</b> |   |  |
| 7.1  | <p>HSL telur að í umhverfismati framkvæmdarinnar skuli meta umhverfisáhrif efnistöku og landmótunar í tengslum við uppsetningu vindorkugarðsins, sér í lagi ef opnaðar verða nýjar efnisnámur innan framkvæmdasvæðisins eða í næsta nágrenni þess, sem og lýsa mótvægisáðgerðum vegna efnistöku á framkvæmdatíma og frágangi að loknum framkvæmdum.</p>   | <p><i>Greint verður frá efnisþörf og efnisöflun vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar í umhverfismatsskýrslu og mat lagt á umhverfisáhrifin að teknu tilliti til hugsanlegra mótvægisáðgerða.</i></p>  |
| 7.2  | <p>Í matsáætluninni kemur fram að samanburður á framkvæmdakostum felist fyrst og fremst í því hvenig vindmyllum er raðað upp innan framkvæmdasvæðisins og að í valkostaumfjöllun verði fjallað um þann kost að aðhafast ekkert. HSL telur að mismunandi uppröðun vindmylla innan framkvæmdasvæðis og lýsing núllkosts geti vart talist lýsing og mat á raunhæfum valkostum eins og áskiliðer í 22. gr. (staflíður c) í lögum nr. 111/2021 um umhverfisáhrif framkvæmda og áætlana, nema að því marki að mismunandi uppröðun hafi afgerandi áhrif á þá umhverfisþætti sem umhverfismatið tekur til. Að mati HSL væri gagnlegt að fá fram yfirlit yfir aðra mögulega valkosti. t.d. annað staðarval mögulega fjær mikilvægum búsvæðum fugla, umfjöllun um hvort og þá hvemig mismunandi tegundir, stærðir og fjöldi vindmylla mögulega hafa ólík áhrif á umhverfi og mat á þeim valkostum sem og rökstuðning fyrir endanlegu vali.</p>  | <p><i>Farið er yfir ástæðu þeirrar nálgunar, sem sett er fram varðandi umfjöllun um aðra framkvæmdakosti í kafla 3.3 í matsáætlun. Aðrir staðsetningarkostir af hálfu framkvæmdaraðila eru í öðrum sveitarfélögum en umhverfismat þeirra kosta eru metin sjálfstætt.</i></p>               |
| 7.3  | <p>Í matsáætluninni kemur fram að skoðað verði í samráði við Samgöngustofu hvort uppsetning vindmylla á Grímsstöðum komi til með að hafa áhrif á flugleiðir um svæðið og hvort þörf verði á uppsetningu flugöryggisljósa eða öðrum aðgerðum vegna þeirra. Í tilvísaðri ákvörðun Samgöngustofu um lýsingu og merkingu hindrana utan áhrifasvæða flugvalla kemur fram í 4. tölulið 6. gr. að vindmyllur 150 m háar og hærri skulu merktar með lit og hindranaljósum skv. II. og 13. gr. Í 3. tölulið sömu greinar kemur fram að Samgöngustofa geti heimilað að einungis vindmyllur sem staðsettar eru í jaðri vindmyllugarða séu ljósmerktar að því gefnu að fjarlægðin á milli þeirra og stærð vindmyllugarðsins sé innan marka er varða flugöryggi. Í 13. gr. kemur jafnframt fram að vindmyllur 150 m háar og hærri skulu merktar með hástyrksljósum af gerð B. HSL telur í ljósi ofangreinds að það sé óhjákvæmilegt fyrir framkvæmda aðila að setja hindranaljós á a.m.k. hluta vindmyllanna, en í matsáætluninni virðist ekki gert ráð fyrir að kanna</p> | <p><i>Eins og fram kemur í kafla 2.6 í matsáætlun verður þörf á uppsetningu flugöryggisljósa skoðuð í samráði við Samgöngustofu. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um þá ákvörðun sem hlýst af þessu samráði og greint frá áhrifum slíkrar lýsingar ef hún reynist nauðsynleg.</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar   | Viðbrögð   |
|---|--|
| <p>sérstaklega áhrif slíkrar lýsingar á landslag og ásýnd lands, hvort heldur sem er að degi eða nóttu. Telur HSL mikilvægt að áhrif hindranalýsingar á vindmyllum í vindorkugarðinum verði metin í umhverfismati framkvæmdarinnar.</p>   |  |
| <b>8. Náttúrufræðistofnun Íslands</b>   |  |
| <p><b>Umhverfismatsferlið</b></p> <p>Í matsáætlun um nyrðri hlutann (svæði 1) var gert ráð fyrir 24 vindmyllum en nú er gert ráð fyrir 10 vindmyllum á því svæði en 21 vindmyllum á svæði 2. Heildarfjöldi áætlaðra vindmylla er því 31, eða aukning um 7 en dreift á mun stærra svæði en fyrst var áformað.</p> <p>Þar sem rannsóknir vegna umhverfismats á svæði 1 eru þegar hafnar, er lagt upp með að útvíkka þær að hluta til þannig að þær nái einnig yfir svæði 2. Einnig verður almennt stuðst við niðurstöður mats einstakra umhverfisþátta um svæði 1 fyrir svæði 2 eins og við á. Þessi nálgun er eðlileg að mati Náttúrufræðistofnunar svo lengi sem tryggt sé að gæði nauðsynlegra upplýsinga séu ekki síðri í umhverfismati svæðis 2 að neinu leyti.</p> <p>Það telst þó óvenjulegt að skipta upp einni framkvæmd í tvö aðskilin matsferli. Tryggja þarf að horft sé til heildaráhrifa framkvæmdarinnar á báðum svæðum, 1 og 2, þegar kemur að endanlegu mati í umhverfismatsskýrslu. Það er ekki með öllu skýrt hvort unnin verði ein sameiginleg umhverfismatsskýrsla fyrir báða hluta framkvæmdarinnar eða ekki. Miðað við tímalínu sem fram er sett í töflu 1.1. er það ekki ólíklegt því umhverfismatsskýrsla fyrri áfangans hefur ekki verið kynnt enn. Það er það eina skynsamlega í stöðunni að mati Náttúrufræðistofnunar að unnin sé ein sameiginleg umhverfismatsskýrsla til að tryggja samfellu og heilmótaða sýn á umhverfisáhrifin byggða á öllum gögnum sem til var safnað. Annars getur skapast óvissa um niðurstöðuna.</p> | <p><i>Þar sem umhverfismat syðra svæðisins (Grímsstaðir 2) er unnið í kjölfarið á umhverfismati fyrir nyrðra svæðið (Grímsstaðir 1), er gert ráð fyrir að í umhverfismatsskýrslu fyrir Grímsstaði 2 verði lagt mat á sameiginleg áhrif fyrir þá umhverfisþætti þar sem það á við.</i></p>  |
| <p><b>Aðferðafræði</b></p> <p>Náttúrufræðistofnun vill ítreka þá ábendingu sem fram kom í umsögn um fyrri matsáætlunina að notkun á erlendri aðferðafræði og viðmiðum, sbr. frammistöðustaðla Alþjóðalánastofnunarinnar, á sér litla hefð hérlendis og getur reynst snúið að samræma aðferðafræðina við það matskerfi sem er innleitt í íslenskt regluverk. Til dæmis er viðmið fyrir frammistöðustaðal 6</p>   | <p><i>Í vettvangskönnunum styðst Biotope við alþjóðlegar leiðbeiningar og bestu starfsvenjur hvað varðar rannsóknir á líffræðilegri fjölbreytni í tengslum við umhverfismat á vindorkugörðum þar sem engar íslenskar leiðbeiningar eru til staðar.</i></p> <p><i>Jafnframt hefur verið tekið fullt tillit til umsagna Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem aukið var við fuglarannsóknirnar og eru þær nú mun umfangsmeiri en</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð   |
|--|--|
| <p>varðandi líffræðilega fjölbreytni, um að „ekkert nettótap“ megi verða á líffræðilegri fjölbreytni, nokkuð sem krefst frekari útskýringar. Slík nálgun leggur mikla áherslu á mótvægisáðgerðir en þær mótvægisáðgerðir sem minnst er á í matsáætluninni ekki skilmerkilega útfærðar að mati Náttúrufræðistofnunar og ekki útskýrt hvernig þær samræmast íslensku regluverki. Á bls. 42 er talað um mótvægisáðgerðir vegna líffræðilegrar fjölbreytni þ.a. að ýmist forðast algjörlega áhrif, að draga úr áhrifum, að koma vistgerðum aftur í fyrra horf og svo bætur/jöfnunaraðgerðir. Útskýra þarf betur hvernig slíkar aðgerðir munu vera útfærðar og í samhengi við framkvæmdina og áhrifasvæði hennar. Sérstaklega þarf að skoða bætur/jöfnunaraðgerðir sem lítil reynsla er á hérlendis og hvernig útfærslur á henni samræmast íslensku regluverki. Líkt og í fyrra umsögn telur Náttúrufræðistofnun það nauðsynlegt verkefni að samræma þessa aðferðafræði við íslenskar aðstæður á skýran hátt.</p>   | <p><i>almennt er erlendis fyrir framkvæmdir sem þessar. Með hliðsjón umsagna Náttúrufræðistofnunar Íslands var bætt við, 8 mánaða ratsjarmælingar í rannsóknirnar og auka ár af sjónarhornsmælingum og mælisniðum.</i></p> <p><i>Varðandi mat á áhrifum, frammistöðustaðall 6 um líffræðilegan fjölbreytileika (viðurkenndur og samþykktur alþjóðlegur staðall fyrir líffræðilegan fjölbreytileika) mælir staðallinn fyrir mat á áhrifum eins og það er gert á Íslandi, bætir við köflum í umhverfismatsskýrsluna sem tengjast „mati á mikilvægum búsvæðum“ og „Ekkert tap eða hagnaður“. Þess vegna bætir aðferðafræðin sem beitt er aðeins við umhverfismatið en breytir ekki eða teflir íslenska regluverkinu í hættu.</i></p> <p><i>Varðandi mótvægisáðgerðir verða þær taldar upp, lýst og útskýrðar í í umhverfismatsskýrslunni.</i></p> |
| <p><b>Framkvæmdalýsing og -svæði</b></p> <p>Gerðar hafa verið mælingar á vindhraða og vindátt fyrir rúmt ár 2020-2022. Staðsetning mælitækis er staðsett í nyrsta hluta framkvæmdasvæðisins. Ítarlegri gögn munu liggja fyrir í umhverfismatsskýrslu en Náttúrufræðistofnun bendir á skýrslu Veðurstofu Íslands frá 2018 um veðurfar á Suðurlandi þar sem teknar eru saman veðurfarsmælingar fyrir Skarðsfjöruvita á tímabilinu 2008-2017 (Guðrún Nína Petersen o.fl., 2018). Þar kemur fram að mesti meðalvindhraði er 30,4 m/s og mesta vindhviða 45 m/s. Gera þarf grein fyrir áhrifum slíkra ofsavæðra sem vissulega eiga sér stað reglulega á Suðurlandi. Eins má reikna með að veður verði ofsafengnari í framtíðinni samhliða loftslagsvá.</p> <p>Fram kemur að vegagerð verði innan framkvæmdasvæðis m.a. aðkomuvegir að vindmyllum. Á mynd 3.1. eru slíkir aðkomuvegir sýnilegir fyrir vindmyllur á svæði 1 en ekki á svæði 2 sem er væntanlega villa.</p> <p>Gera þarf grein fyrir leiðarvali á jarðstrengslögnum eða loftlínum að tengivirki sem ráðgert er við Prestsbakka. 12 m breitt belti jarðstrengja (bls.</p> | <p><i>Rætt verður um náttúruvá, s.s. ofsavæður í umhverfismatsskýrslu.</i></p> <p><i>Ekki eru sýndir vegir inn á svæði 2 í matsáætlun þar sem staðsetning veganna byggj á niðurstöðum rannsókna sem ekki er búið að ljúka fyrir svæði 2 en er lokið fyrir svæði 1.</i></p> <p><i>Leiðarval tengingar við flutningsnetið fer fram í samráði við Landsnet, gGerð verður grein fyrir samráði við Landsnet í umhverfismatsskýrslu.</i></p> <p><i>Gerð er grein fyrir raski vegna safnstöðvar í umhverfismati fyrir nyrðra svæðið.</i></p> <p><i>Varðandi Kötlu jarðvanginn, þá verða ásýndaráhrif metin frá nokkrum sjónarhornum sem tilgreind eru á kort jarðvangsins. Jafnframt verður samræmi vindorkugarðsins við starfsemi og markmið Kötlu jarðvangs skoðuð í umhverfismatsskýrslu.</i></p>  |

| Athugasemdir/ábendingar  | Viðbrögð   |
|--|--|
| <p>12) eða lagning loftlínu sem munu hafa mikil áhrif á landslag og raska jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar.</p> <p>Í töflu 4.1 um framkvæmdasvæði og rask vegna framkvæmda er ekki tekin með 2100 fermetra safnstöð raforku, sem líkast til er ráðgert að sé innan svæði 1.</p> <p>Í umhverfismati þarf að gera grein fyrir Kötlu jarðvangi sem Skaftárhreppur stendur á bak við ásamt tveimur öðrum sveitarfélögum og nýtur alþjóðlegrar vottunar UNESCO. Koma þarf fram hvernig framkvæmdin samræmist starfsemi og markmiðum jarðvangsins um að efla sjálbæra þróun sem snýr að náttúru, samfélagi og efnahag innan sveitarfélaga.</p>  |  |
| <p><b>Landslag og ásýnd</b></p> <p>Stuðst er við aðferðafræði að breskri fyrirmynd sem kallast Landscape Character Assessment (LCA) til að meta áhrif framkvæmdar á landslag. Fleiri verkfræðistofur á Íslandi hafa stuðst við LCA-aðferðafræðina s.s. Efla. Taka þarf sérstakt tillit til jarðfræði landsins sem er mjög frábrugðin jarðfræði Evrópu s.s. gígar, hraun, jöklar, jökulár og sandar, sem ekki er að finna í LCA. Þá þarf einnig að taka tillit til þess hversu landið er strjálbýlt.</p> <p>Ljóst er að vegna sanda Suðurlands, bæði vestan og austan við fyrirhugaðan vindorkugarð verði 200 m háar vindmyllur mjög sýnilegar út fyrir 45 km radíus. Ástæða er til að bæta við myndatökustöðum við Vík í Mýrdal og í Örafasveit, jafnvel við Ingólfshöfða sem er vinsæll ferðamannastaður. Gervigigar í Álftaveri (sem eru friðlýstir) og Landbrotshólar eru einstakar jarðminjar á heimsvísu með hátt verndargildi. Einkennandi landslagsform gervigiga þarf að vernda og því er full ástæða til að setja myndatökustaði á þessum svæðum og áhrif vindmylla á ásýnd þeirra.</p> <p>Vegna strjálbýlis í nágrenni framkvæmdasvæðisins er ljósmengun lítil sem engin. Gera þarf grein fyrir ljósum, öryggisljósum, sem sett verða á eða við myllurnar og áhrif þeirra á landslag og ásýnd svæðisins.</p> | <p><i>Í landslagsgreiningu er tekið tillit til sérstöðu í jarðfræði landsins. Greint verður frá niðurstöðum greiningarinnar í umhverfismatskýrslu.</i></p> <p><i>Varðandi myndatökustaði, þá byggja þeir á sýnileikagreiningu auk þess sem samráð var haft við staðkunnuga eins og greint er frá í kafla 5.2.2.</i></p> <p><i>Hvað varðar lýsingu á vindmyllunum, þá verða möguleg áhrif skoðuð í umhverfismatskýrslu.</i></p> |

| Athugasemdir/áþendingar  | Viðbrögð   |
|--|--|
| <p><b>Jarðminjar</b></p> <p>Sandar eru fágætir í heiminum fyrir utan Ísland og hafa því alþjóðlegt mikilvægi. Þeir eru metnir hafa hátt verndargildi. Meðallandsandur er þar á meðal.</p> <p>Hraun runnin eftir ísöld njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Undir framkvæmdasvæðinu er Botnahraun hulið sandi. Nýlegar rannsóknir á gjóskulögum benda til að það sé um 5300 ára gamalt og að það hafi runnið í eldgosi í Hálsagígum sem tilheyra Grímsvatna eldstöðinni (Rebecca Chaya Feldman, 2020). Framkvæmdin kemur til með að hafa óveruleg áhrif á verndargildi hraunsins þar sem það er hulið seti, en hún gæti raskað varanlega yfirborði þess.</p> <p>Efnistaka er ráðgerð innan framkvæmdasvæðisins, en fram kemur óvissa um hvort einnig verði sótt í nálægar námur eða nýjar námur opnaðar eins og nefnt er á bls. 16. Þetta þarf að vera skýrt og tilgreina þarf staðsetningu náma.</p> <p>Gera þarf grein fyrir sandfoki innan svæðisins og áhrif þess á vélbúnað vindmylla. Vindorkugarðurinn er staðsettur á svæði þar sem jafnframt eru virkustu eldstöðvar landsins, Katla og Grímsvötn. Gera þarf grein fyrir áhrifum gjóskufalls á vindmyllur.</p> <p>Syðstu vindmyllurnar eru staðsettar mjög nálægt strönd. Gera þarf grein fyrir mögulegum áhrifum strandrofs og hamfaraflóða á vindmyllurnar. Gera þarf almennt grein fyrir mögulegri náttúruvá í eða við framkvæmdasvæðið s.s. eldvirkni, jökulhlaupum, strandrofi, hamfaraflóðum o.fl.</p> | <p><i>Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir efnisþörf og hvaðan ráðgert er að taka efni til framkvæmdanna.</i></p> <p><i>Eins og fram kemur í kafla 3.2.1 í matsáætlun verður sérstakur kafla um náttúruvá í umhverfismatsskýrslu þar sem tekið verður á þáttum sem geta valdið tjóni á innviðum vindorkugarðsins.</i></p>  |
| <p><b>Lífriki</b></p> <p>Áþendingar úr umsögn um fyrri matsáætlun um athuganir á gróðurfari eiga enn við þ.m.t. um orðalag en betra er að nota „vistgerðir“ frekar en „gróðurlendi“ til að gæta samræmis. Ljóst er að gróðurfari er einfalt og einsleitt á svæði 2 þ.a. áætlaðar úttektir ættu að gefa gott yfirlit. Líkt og með alla umhverfisþætti þarf þó að leggja heldstætt mat á áhrif á gróður fyrir bæði svæði 1 og 2 og mótvægisáðgerðir skilgreindar með það í huga. Vegna umfangs framkvæmdar verður rask á gróðurfari svæðisins mikið.</p> <p>Varðandi athuganir á fuglum þá kemur fram á bls. 29 í matsáætluninni að tveggja ára rannsóknir á fuglum hafa þegar farið fram á svæði 1 (nyrðra</p>  | <p><i>Áhrif á búsvæði verða til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu eins og tíðkast þar sem yfirborð og gróður getur raskast. Lagðar verða til mótvægisáðgerðir í umhverfismatsskýrslunni ef þess er þörf.</i></p> <p><i>Niðurstöður tveggja ára fuglarannsóknna á svæði 1, þar með talin ratsjárnannsókn, verða birtar í umhverfismatsskýrslunni fyrir svæði 1.</i></p> <p><i>Ratsjárnælingar voru framkvæmdar í samfelld 8 mánuði árið 2022. Gert er ráð fyrir að ratsjárnælingarnar nái til farfugla að vori og hausti og flugleiðir varpfugla</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar   | Viðbrögð   |
|---|--|
| <p>svæðinu), bæði sjónarhóls- og ratsjárnannsóknir. Ekki er vísað neitt í niðurstöður þeirra rannsókna við skipulag frekari athugana á svæði 2 og er það mjög óheppilegt að mati Náttúrufræðistofnunar.</p> <p>Í ljósi þess getur Náttúrufræðistofnun ekki annað en endurtekið ábendingar sem stofnunin sendi Skipulagsstofnun haustið 2022 þegar sérstaklega var óskað eftir álitni stofnunarinnar um nauðsynlegar fuglarannsóknir á svæði 2. Þær ábendingar voru m.a. um umfang og tímalengd radarmælinga. Stefnt er að einungis 8 mánaða seríu af radarmælingum á svæði 2 án endurtekninga. Meðan ekki er vísað í gögn úr þeim radarmælingum á svæði 1 sem þegar hafa farið fram sem rökstyðja réttlættingu fyrir svo stuttri seríu á svæði 2, þá er að mati Náttúrufræðistofnunar ekki forsendur fyrir því að álykta að ekki þurfi lengri seríu. Almenn mælir Náttúrufræðistofnun með tveggja ára radarseríu til að minnka líkur á að óvenjulegar aðstæður t.d. veðurfarslegar geti valdið skekkju.</p> <p>Þótt svæði 1 sé að mestu utan mikilvægs fuglasvæðis og þótt gæsir og aðrir farfuglar sækir frekar í tún og gróin svæði til fæðuöflunar þá liggur sjálf farleiðin ekkert síður yfir sendnu svæðin nær ströndinni. Það hefur verið ljóst í samtölum Náttúrufræðistofnunar við framkvæmdaaðila frá upphafi að svæðið er mikilvægt fyrir far, sérstaklega gæsategunda og álfar sem eru að jafnaði lágfleygar yfir landi.</p> <p>Stefnt er að þremur sjónarhólsþekktum á viðbótarsvæðinu, þeir mættu vera fleiri að mati Náttúrufræðistofnunar því svæðið er stórt. Mikilvægt er t.d. að fá fullvissu um hvort skúmar verpi á svæðinu eða ekki, en þeir eru á valista.</p> <p>Að lokum ber að benda á að mörk á mikilvægum fuglasvæðum sem vísað er í, eru gróflega afmörkuð og leggja áherslu á búsvæði á landi en ná ekki að fullu yfir flugleiðir. Það má því ekki oftúlka þau með tilliti til hvort svæði sé mikilvægt fyrir fugla eða ekki.</p> <p>Þörf er á að endurtaka ábendingu um töflu 5.5. í kafla um „Mat á vistgerðum í hættu“. Viðfangsefni töflunnar er fyrst og fremst umfjöllun um tegundir, aðallega fuglategundir og svo vistkerfi og lykilorðunarfæri. Hér virðist hugtakanotkun hafa skolast eitthvað til, mögulega vegna þýðingar á erlendri fyrirmynd, og ástæða til að bæta. Í það minnsta á heiti undirkaflans og töflunnar ekki við. Í töflunni er einnig vísað í lista IUCN. Innlendir og</p> | <p><i>á sumrin. Tímalengd og tímasetning ratsjárnælinganna er í samræmi við fyrri aðferðalýsingar sem unnar hafa verið í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og í samræmi við fyrri umsagnir stofnunarinnar á matsáætlanir fyrir vindorkugarða og álit Skipulagsstofnunar á öðrum matsáætlunum.</i></p> <p><i>Á meðan á umhverfismatinu stendur lýkura fuglarannsóknnum (þar á meðal eftirfarandi aðferðum: mælisnið á varptímanum, sjónarhólskannanir á tveimur farfuglatímabilum og varptíma og 8 mánaða ratsjárnkönnun (sem nær yfir farfuglatímabilin tvö) ) sem eru framkvæmdar á svæðinu. Niðurstöður þessara umfangsmiklu kannana gera okkur kleift að leggja mat á gildi svæðisins fyrir farfugla og fugla almenn. Lýst verður hegðun fuglanna og notkun þeirra á framkvæmdasvæðinu á hverju tímabili lífsferils tegunda út frá niðurstöðum (þar á meðal staðsetningu viðkomusvæða, farfuglaleiðir o.s.frv.). Síðan verða hugsanleg áhrif rædd í niðurstöðu umhverfismatsins.</i></p> <p><i>Rauðir listar á heimsvísu, evrópskir og íslenskir verða notaðir, til að skilgreina verndargildi hverrar fuglategundar. Síðan verða möguleg áhrif á fugla tengd vindorkuinnviðum dregin fram í niðurstöðu í umhverfismatsskýrslunni.</i></p> <p><i>Viðmiðanir fyrir mat á mikilvægum búsvæðum sem settar eru fram í töflu 5.5 eiga ekki endilega við um þetta svæði. Það er rétt að viðmið 4 og 5 verður ekki beitt fyrir þetta svæði og tegundir innan svæðisins. Aðeins viðmið 1, 2 og 3 verða tekin til greina til að meta hvort þar sé mikilvægt búsvæði eða ekki.</i></p> |



| Athugasemdir/áþendingar        |  | Viðbrögð   |
|--------------------------------|--|--|
|                                | svæðisbundnir listar eru nefndir, en óljóst er hvort hér sé átt við válista Náttúrufræðistofnunar. Að mati Náttúrufræðistofnunar ættu válistar að vera útgangspunktur matsins.   |  |
| <b>9. Minjastofnun Íslands</b> |  |  |
| 9.1                            | Minjastofnun Íslands telur að gerð hafi verið fullnægjandi athugun á fornleifum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vindorkugarðs á svæði 2 í landi Grímsstaða. Engar sýnilegar skráðar fornleifar eru á svæðinu. Í matsáætlun er fjallað um framkvæmdaþætti sem gætu haft áhrif á landsvæði utan afmarkaðs svæðis vindorkugarðsins, sbr. einnig umfjöllun hér að ofan. Þegar fyrir liggur hvaða svæði þetta verða telur Minjastofnun að fá þurfi fornleifafræðing til að skrá fornleifar innan svæðanna og að haga þurfi framkvæmdum þar þannig að þær ógni ekki fornleifum.  | <i>Framkvæmdaraðili mun sjá til þess að fornleifar verði skráðar innan þeirra svæða þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og fyrri skráning nær ekki til.</i> |
| <b>10. Skaftárhreppur</b>      |  |  |
| 10.1                           | Skaftárhreppur gerir ekki athugasemd við framlagða matsáætlun en áskilur sér rétt til að koma fram með athugasemdir á síðari stigum.   | <i>Ekki þörf á viðbrögðum.</i>   |
| <b>11. Orkustofnun</b>         |  |  |
| 11.1                           | Samkvæmt lögum um rammaáætlun, nr. 48/2011 er hlutverk Orkustofnunar að skilgreina virkjunarkosti og færa þá svo verkefnisstjórn til umfjöllunar. Orkustofnun hefur skilgreint virkjunarkostinn Grímsstaði sem sendur var inn af Qair og komið honum til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn. Nokkurs ósamræmis gætir þó í skýrslu Qair sem send var inn til Orkustofnunar í rammaáætlun, og þeirri umfjöllun um stærð svæðis og fjölda vindmylla sem á sér stað varðandi vindorkukostinn í matsáætlun þessari.<br>Má þar m.a. benda á að kort í skýrslu Qair sem er á borði verkefnisstjórnar rammaáætlunar eru ekki í samræmi við kort úr matsskýrslu þessari, en skv. gögnum rammaáætlunar er verkefnið með 24 myllum á aðeins einu svæði (svæði 1 í matáætlun). Fjallað er um í kafla 1.3 í matskýrslu að breytingar hafi verið gerðar, svæðin orðin 2 og myllum fækkað á svæði 1 (úr 24 í 10) og svæðið svæði 2 bætt við, með 21 myllu, alls því 31 myllur í heildina fyrir vindorkugarðinn. Í samráði við Skipulagsstofnun hafi jafnframt verið ákveðið að fara með svæði 2, hér Grímsstaði 2 í sjálfstætt ferli við mat á umhverfisáhrifum. | <i>Unnið er að uppfærslu upplýsinga um vindorkunýtingu í landi Grímsstaði og verður þeim komið til Orkustofnunar sem fyrst.</i>                              |

| Athugasemdir/áþendingar  | Viðbrögð   |
|--|--|
| <p>Stofnunin bendir á að í 7. gr ofangreindra laga um rammaáætlun, að verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana og að sveitarstjórnir skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar, sbr. þó 2. mgr.</p> <p>Að því sögðu er mikilvægt að upplýsingar í umhverfismati fyrir vindorkukostinn Grímsstaði séu í samræmi við upplýsingar sem rammaáætlun hefur í umfjöllun sinni, og bendir félaginu á að leiðrétta þessar upplýsingar til rammaáætlunar sem allra fyrst.</p>  |  |
| <p>11.2</p> <p>Í kafla 1.2. í matsáætlun kemur fram að mælingar á veðurfari hafi verið gerðar í Skarðsfjöruvita frá árinu 1994, og einnig kemur fram að “Til að staðfesta áætlaðan vind voru í gangi mælingar á vindaðstæðum með LiDAR laser mælitæki sem mælir vindhraða og vindátt í allt að 200 m hæð. Mælirinn var settur upp í október 2020 og stóðu mælingar yfir til febrúar 2022. Mælingarnar sýndu frábær vindskilyrði fyrir uppsetningu á vindorkugarði.</p> <p>Orkustofnun bendir á að skv. 4. gr. reglugerðar 1040/2005 sem fjallar um umsókn um virkjunarleyfi, skuli skila inn rannsóknnum á viðkomandi virkjunarkosti.</p>  | <p><i>Ýmsar rannsóknir eru í gangi á svæðinu. Þegar niðurstöður þeirra liggja fyrir mun framkvæmdaraðili skila þeim inn til Orkustofnunar, þar á meðal niðurstöðum vindrannsóknna.</i></p>   |
| <p>11.3</p> <p>Í ofangreindum lýsingum á fyrirbyggjandi, sem og fyrirhuguðum rannsóknnum fyrir vindorkugarðinn Grímsstaði, er ekki fjallað sérstaklega um mögulegan nýtnistuðul vindorkugarðsins. Þó kemur fram í kafla 1.3 að “Upphafleg áform gerðu ráð fyrir 24 vindmyllum á svæði 1, sem er rúmlega 900 ha að stærð. Við rannsóknir og nánari útfærslu á garðinum kom hins vegar í ljós að fækka þyrfti vindmyllum á svæði 1 og að svæði 2 þar sunnan við hafði einnig marga góða kosti sem svæði undir vindmyllur. Niðurstaðan var því sú að fækka vindmyllum niður í 10 á svæði 1 og setja niður 21 vindmyllu á svæði 2, sem er um 1.600 ha að stærð.”</p> <p>Bendir stofnunin á að upplýsingar um áætlaðan nýtnistuðul eða framleiðslugetu virkjunar gefa mikilvægar vísendingar um hversu heppilegt staðarval vindorkugarðsins er, og verður tekið tillit til slíkra upplýsinga komi til útgáfu virkjunarleyfis fyrir virkjunina. Telur stofnunin því að það væri til bóta að hafa upplýsingar um mögulega nýtni vindmylla á svæðinu, þá</p> | <p><i>Unnið er að vindrannsóknnum í landi Grímsstaða sem munu gefa greinargóða mynd af nýtni vindorkugarðsins. Þar til að fullnægjandi niðurstöður liggja fyrir á öllu svæðinu, þ.e. Grímsstöðum 1 og 2 þá gefa vindrannsóknir frá svæði 1 til kynna að nýtni gæti verið um og yfir 45%.</i></p> |

| Athugasemdir/ábendingar |  | Viðbrögð   |
|-------------------------|--|--|
|                         | sérstaklega við umfjöllun um mismunandi valkosti verkefnisins (m.t.t. staðsetningu og fjölda vindmylla), og að slíkri umfjöllun sé gerð góð skil í matsskýrslunni í samhengi ábyrgrar nýtingar .   |  |
| 11.4                    | Einnig kemur fram í matskýrslu þessari að Qair sé með 9 verkefni vindorku í gangi, en samkvæmt upplýsingum Orkustofnunar eru þau 8, þar sem félagið tjáði stofnuninni að hætt hafi verið við eitt af verkefnum, sem sannarlega voru 9.   | <i>Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna og vill koma því á framfæri að hreyfing er á tölu verkefna félagsins enda full vinna í gangi er varðar þróun mögulegra orkukosta á Íslandi. Rétt er að hætt hafi verið við eitt verkefna félagsins en jafnframt má benda á að síðan hafa kostir bæst við líkt og verkefni Háblæs í Þykkvabæ þar sem sótt hefur verið um uppfært virkjunarleyfi til Orkustofnunar.</i>         |
| <b>12. Vegagerðin</b>   |  |  |
| 12.1                    | Í kafla 3.2.2 er fjallað í flutning um aðkomuvegi og flutning á íhlutum og vísað í að flutningar vegna framkvæmdanna flokkist sem undanþáguflutningar sem eru háðir leyfi frá Samgöngustofu skv. reglugerð nr. 155/2007. Flytja þarf íhluti sem eru allt að 120-150 t og 100 m að lengd. Þetta eru óvenjulega þungir og langir íhlutir. Má því ætla að gera þurfi tímabundnar breytingar á samgöngumannvirkjum vegna stærðar farms. Þær breytingar geta verið allt frá því að taka niður umferðarmerki á meðan flutningum stendur upp í t.d. breytingar á vegamótum. Skv. vegalögum nr 80/2007 þarf heimild Vegagerðarinnar fyrir öllum framkvæmdum innan veghelgunarsvæða. Breidd veghelgunarsvæða er 30 m frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. | <i>Framkvæmdaraðili mun vera í samráði við Vegagerðina í tengslum við hugsanlegar breytingar á samgöngumannvirkjum og óska heimildar fyrir þeim eins og fram kemur í kafla 1.4 í matsáætlun.</i>   |
| 12.2                    | Ef hluti nauðsynlegra framkvæmda vegna farms kunni að henta til frambúðar, að mati Vegagerðarinnar, skal hönnun og framkvæmd fara fram í samráði við Vegagerðina.  | <i>Af hálfu framkvæmdaraðila er sjálfsagt mál að hönnun og framkvæmd samgöngumannvirkja fari fram í samráði við Vegagerðina.</i>   |
| 12.3                    | Vegagerðin leggur áherslu á mikilvægi þess að flutningsleiðir séu metnar í samráði. Rétt er að taka fram að mögulegt tjón á innviðum Vegagerðarinnar sem verður af flutningunum verður á kostnað framkvæmdaraðila.   | <i>Framkvæmdaraðili mun að sjálfsögðu greiða fyrir mögulegt tjón á innviðum Vegagerðarinnar og verður samráð haft við Vegagerðina varðandi flutningsleiðar.</i>  |
| 12.4                    | Framkvæmdaraðili þarf að leggja fram gögn sem sýna hvað gera þarf til að koma íhlutum á leiðarenda og er þá m.a. átt við burð vega og brúa jafnframt áætlun um aðrar tímabundnar eða varanlega breytingar sem þarf vegna flutningana. Leggja þarf fram ferla sem sýna breiddarþörf ökutækja, t.d. í vegamótum.   | <i>Eins og fram kemur í kafla 3.2.2, verður gerð vegakönnun sem fer yfir þá leið sem hentugust væri að fara með íhluti að framkvæmdarsvæðinu, í þeirri könnun verður einnig skoðað hvort það sé einhverjir staðir á leiðinni sem gætu valdið áhyggjum þá t.d. hvort styrkja þurfi veginn vegna þungaflutninga og/eða gera á honum lagfæringar vegna vindmylluhluta í yfirstærð. Þessi úttekt verður aðgengileg í</i> |

| Athugasemdir/ábendingar  |  | Viðbrögð  |
|--------------------------|--|---|
|                          |  | <i>umhverfismatsskýrslu og verður áframhaldandi samráð haft við Vegagerðina varðandi flutninga á íhlutum.</i> |
| <b>13. Samgöngustofa</b> |  |   |
| 13.1                     | Samgöngustofa bendir á að í gildi eru kröfur um merkingar vindmylla sem eru 60 m eða hærri. Þá skulu allar hindranir sem eru 100 m háar og hærri vera merktar með hindranalýsingu.<br>Með umsögn Samgöngustofu fylgja gildandi reglur sem um merkingarnar gilda. | <i>Framkvæmdaraðili mun vera í samráði við Samgöngustofu um merkingar á fyrirhuguðum vindmyllum.</i>          |